

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um slappa þjónustu ÁTVR utan borgarinnar. 17



**MENNING** Schubert-oktettinn fluttur á hádegistónleikum í Kaldalóni. 26



**LÍFIÐ** Sviðslistahópurinn Spegilbrot safnar sjálfsmyndum Íslendinga á Instagram. 38



**SPORT** Frumraun Finns Freys Stefánssonar þjálfara KR fer í sögubækurnar. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
14. mars 2014
62. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## LÍFIÐ



**Draumur að veruleika**
Tinna Hrafnsdóttir hefur verið umkringd leiklist meira og minna allt sitt líf. Í forsíðuviðtali við Lífið segir hún frá sínu fyrsta leikstjórnarverkefni.

## FRÉTTIR

**CIA njósnar um þingmenn** Formaður bandaríkskrar þingnefndar segir CIA hafa njósnað um þingmenn. 6

**Endurgreiðsla kemur til greina** Seðlabankastjóri segir að til greina komi að endurgreiða málskostnað sinn vegna málaferla. 6

**Fjárhagsaðstoð og hlutastarf** Markmiðið er að fækka fólki sem fær beinar fjárhagsbætur frá Hafnarfjarðarbæ um helming. Í staðinn býðst því hlutastarf. 12




16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | | NA | 6 |
| Akureyri | 1° | | NA | 6 |
| Egilsstaðir | 2° | | NV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | NV | 3 |
| Reykjavík | 4° | | NA | 2 |

**Hiti breytist lítið** Vindur verður fremur hægur, yfirleitt norðlæg átt og 3-8 m/s. Stöku él við norðurströndina en annars fremur skýjan en úrkomulítið. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk




# Könnun sýnir sterkan meirihluta í borginni

Björt framtíð og Samfylkingin fá öruggan meirihluta í Reykjavík samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með fjóra borgarfulltrúa en Framsókn nær ekki inn manni. Vinstri græn og Píratar með sama fylgi.

**KÖNNUN** Samfylkingin og Björt framtíð fengju níu borgarfulltrúa af fimmtán yrði gengið til sveitarstjórnarkosninga nú og gætu því haldið óbreyttu meirihlutasamstarfi eftir kosningar, samkvæmt niðurstöðu nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Björt framtíð er stærsti flokkurinn í borginni, með stuðning 28,3 prósenta borgarbúa og fimm borgarfulltrúa, samkvæmt könnuninni.

Samfylkingin mælist með 23 prósenta fylgi og Sjálfstæðisflokkurinn nánast hnífjafn með 23,1 prósent. Báðir flokkar fengju samkvæmt því fjóra borgarfulltrúa.

Litlu munar á Vinstri grænum, sem eru með stuðning 9,5 prósenta borgarbúa, og Pírötum, sem mælast með 9,6 prósent. Flokkarnir næðu báðir inn einum borgarfulltrúa miðað við þá niðurstöðu.

Hvorki Framsóknarflokkurinn né Dögun myndu ná nægum stuðningi til að koma manni í borgarstjórn samkvæmt niðurstöðunum könnunarinnar. Um 3,7 prósent borgarbúa styðja Framsóknarflokkinn og 1,1 prósent styðja Dögun.

- bj / sjá síðu 4

### Fjöldi borgarfulltrúa




*Bauð fram undir merkjum Besta flokksins í kosningunum árið 2010.

Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 þann 12. mars 2014.



**ENGIR FORDÓMAR Í ÓSI** Pollapönkarar sungu fordómana burt í gær við mikinn fögnuð krakkanna í leikskólanum Ósi. Tilefnið var kynning á líkamsvirðingarbókinni Kroppurinn er kraftaverk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síðasti kennsludagurinn:

# Kennarar ekki eins svartsýnir

**SKÓLAMÁL** Boðað hefur verið til fundar í kjaradeilu kennara klukkan tíu í dag. Fundað hefur verið stíft alla daga vikunnar, en í gærkvöld var viðræðum hætt um klukkan sjö.

„Staðan hefur skýrst nokkuð,“ sagði Ólafur H. Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum, þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærkvöld. „Ég er ekki alveg jafn svartsýnn og ég var um miðbik vikunnar.“



ÓLAFUR H. SIGURJÓNSSON

Hann sagði þó ómögulegt að spá fyrir um framhaldið. Enn gæti brugðið til beggja vona.

Í gær hafi verið farið yfir minnisblað með þeim atriðum, sem báðir aðilar voru sammála um að brýnt væri að fara yfir. „Þetta eru mál sem voru ófrágengin og eru erfið,“ segir Ólafur. - gb

Ásgeir slapp fyrir horn:

# Í sjokki yfir dauðaslysi

**TÓNLIST** Ásgeir Trausti er á tónleikaferðalagi um Bandaríkin. Hann kom fram á South By Southwest-hátíðinni í Austin í Texas skammt frá þeim stað þar sem hræðilegt slys varð sem kostaði tvær manneskjur lífið.



ÁSGEIR TRAUSTI

„Eftir að við kláruðum tónleikana okkar var okkur boðið á staðinn þar sem slysið átti sér stað en við afþökkuðum það boð því við vorum svo þreyttir. Hálftíma síðar fréttum við af þessu skelfilega slysi,“ segir Ásgeir Trausti. „Við rétt sluppum í raun og þarna var greinilega mikið af fólki. Við erum í sjokki yfir þessu.“

- glp / sjá síðu 38

Ný og harðari milliríkjadeila eftir makrílsamning ESB, Noregs og Færeyja:

# Segja stjórnvöld höfð að fífli

**UTANRÍKISMÁL** Ísland stendur frammi fyrir nýrri og harðari milliríkjadeilu við Evrópusambandið, Noreg og Færeyjar eftir að þjóðirnar gerðu með sér samkomulag til fimm ára um makrílveiðar.

Ljóst er að mótaðilar í makríldeilunni teygðu sig langt til að semja um veiðar í stofninum án vitundar íslenskra stjórnvalda.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja ríkisstjórnina hafa verið fífluð.

Þung orð féllu í garð allra landanna á Alþingi í gær og ekki síst Færeyinga. Í þingræðu við upphaf þingfundar í gær sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra framkomu ríkjanna forkastanlega og það krefðist harðra viðbragða stjórnvalda.

➜ Þung orð féllu á Alþingi í gær í garð Noregs, Færeyja og Evrópusambandsins.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra kallaði fulltrúa allra þjóðanna til fundar í gær og kom mótmælum íslenskra stjórnvalda formlega á framfæri. - shá / sjá síðu 8










## SPURNING DAGSINS



### Ásta, mælir þú með balli?

**„Já, fullum hálsi!“**
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir, félags- og forvarnafulltrúi, hefur talað fyrir því að nemendur séu látnir blása í áfengismæla á skólaböllum til að koma í veg fyrir ölvun.

Dæmdir fyrir brot á lögum um hlutafélög vegna hlutafjáraukningar Exista:

# Lýður og Bjarnfreður í fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands dæmdi í gær Lýð Guðmundsson, fyrrverandi stjórnarformann Exista hf., í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundna.

Bjarnfreður Ólafsson, lögmaður og fyrrverandi stjórnarmaður í Kaupþingi, var þá dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna, og sviptur lögmannsréttindum í eitt ár.


LÝÐUR GUÐMUNDSSON


BJARNFREÐUR ÓLAFSSON

Lýður og Bjarnfreður voru dæmdir fyrir brot á lögum um hlutafélög vegna hlutafjáraukningar Exista í desember 2008. Lýður var sakfelldur fyrir að greiða Exista minna en nafnverð þegar hlutafé félagsins var aukið um fimmtíu milljarða króna.

Bjarnfreður var sakfelldur fyrir að hafa sent villandi tilkynningu til fyrirtækjaskrár. Í tilkynningunni kom fram að aukning á hlutafé Exista hefði að fullu verið greidd til félagsins með fimmtíu milljörðum króna.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt Lýð til að greiða tvær milljónir króna í sekt en Bjarnfreður var þá sýknaður. - hg

Margir leita á Kínahafi:

## Leit gæti tekið nokkrar vikur

**MALASÍA** Leitin að farþegaþotu frá Malasíu, sem hvarf yfir Suður-Kínahafi, var í gær víkkuð út eftir að orðrómur kviknaði um að hugsanlega hafi henni verið flogið í nokkrar klukkustundir eftir að síðast heyrðist frá henni.

Sérfræðingar segja að hafi vélin hrapað í hafið muni brak úr henni líklega finnast á endanum, en það gæti dregist í nokkrar vikur. Sjóherir frá Kína, Bandaríkjunum og fleiri löndum taka þátt í leitinni ásamt Malasíumönnum. - gb


**ÚTFÖR Í ISTANBÚL** Þúsundir manna fylgdu Burak Can Karamanoglu til grafar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tveir létu lífið í mótmælum gegn stjórnvöldum í Tyrklandi:

## Jarðarför snerist upp í mótmæli

**TYRKLAND, AP Víðtæk mótmæli gegn stjórnvöldum hafa verið í borgum Tyrklands síðustu dagana, eða frá því að fimmtán ára drengur lét lífið eftir að hafa legið í dái frá því að hann slasaðist í mótmælum á síðasta ári.**

**Tveir menn létu lífið í átökum við lögreglu á miðvikudag og söfnuðust þúsundir manna saman í gær þegar annar þeirra, Buruk Can Karamanoglu, var borinn til grafar í gær. Hann lést af völdum byssukúlu, sem hann fékk í höfuðið.**

**Pilturinn, Berkin Elvan, hafði verið í dái í níu mánuði þegar hann lést á þriðjudaginn. Hann hafði ekki tekið þátt í mótmælunum, heldur varð fyrir táragashylki frá lögreglunni þar sem hann var á gangi á leiðinni í bakarí til að kaupa brauð.**

- gb

# Missti réttindin í 3 ár eftir 7 vikur í Svíþjóð

Hjúkrunarfræðingur missti réttindi sín til örorku- og endurhæfingarlífeyris í þrjú ár vegna sjö vikna búsetu í Svíþjóð. Fimm árum síðar bíður hún enn eftir úrlausn hjá Tryggingastofnun. Endurhæfingarlífeyrir var tengdur búsetu eftir bankahrun.

**VELFERÐARMÁL** Hrönn Thorarensen hjúkrunarfræðingur fékk ekki endurhæfingarlífeyri því hún hafði flutt lögheimili sitt í sjö vikur til Svíþjóðar. Hún greiddi enn skatta á Íslandi á því tímabili.

Lögum var breytt eftir hrun þannig að nú er nauðsynlegt að hafa búið í þrjú ár samfleytt á Íslandi til að eiga rétt á endurhæfingar- lífeyri.

„Rétt áður en ég flutti til Svíþjóðar, haustið 2009, var ég orðin óvinnufær vegna veikinda. Ég var því enn á launum til áramóta,“ útskýrir Hrönn, sem fylgdi barnsföður sínum út.

Hrönn segist ekki hafa verið sátt við flutninguna og áttað sig á að sambandið væri ekki nógu gott eftir að hún var komin út. Hún tók því ákvörðun um að flytja aftur til Íslands sjö vikum síðar.

Eftir að heim var komið kláraði Hrönn rétt sinn hjá sjúkrasjóði stéttarfélagsins, og sótti að því búnu um endurhæfingarlífeyri í samráði við heimilislækni. Svarið kom henni á óvart.

„Ég fékk höfnun því ég hafði fært lögheimili mitt til Svíþjóðar í sjö vikur,“ segir Hrönn. Var henni sagt að hún þyrfti að bíða í þrjú ár. „Það gat enginn hjálpað mér hjá Tryggingastofnun og ég gat ekki staðið í stappi á þessum tíma.“

Þremur árum eftir að Hrönn flutti heim frá Svíþjóð var staða hennar þannig að ástæða þótti til að sækja um varanlega örorku. Rúmu ári eftir að hafa lagt inn umsókn fékk hún höfnun því endurhæfing þótti ekki fullreynd.


**ENDURHÆFING** Réttleysi og langur úrlausnartími hjá Tryggingastofnun hefur mikil áhrif á fjárhag fólks og aðgang að nauðsynlegri þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það skipti ekki máli þó að í millitíðinni kæmi í ljós að hvorki endurhæfing né lyf skiluðu tilætluðum árangri,“ segir Hrönn, sem kærði niðurstöðuna án árangurs.

Hrönn bíður enn eftir úrlausn sinna mála hjá Tryggingastofnun. Hún vonar að ný og rétt greining á veikindum hennar hjálpi til. Réttleysi og langur úrlausnartími hjá Tryggingastofnun hafi mikil áhrif á fjárhag hennar og aðgang að nauðsynlegri þjónustu.

„Þetta hefur breytt miklu fjárhagslega, sérstaklega í tengslum við lyfja- og lækniskostnað. Sjúkraþjálfun hefði bætt líðan mína,“ segir Hrönn. Mjög alvarlegt sé að fólk sem flytji tímabundið úr landi missi réttindi sín.

„Þennan stutta tíma sem ég bjó úti var ég enn að borga skatta hérlendis,“ bendir hún á og segist hafa mætt óþægilegu viðhorfi hjá Tryggingastofnun. „Það er eins og allir séu að svindla.“



> **Það er eins og allir séu að svindla.**
> *Hrönn Thorarensen hjúkrunarfræðingur.*

Hrönn segir sterkt bakland hafa bjargað henni, en hún hefur þegið mikla hjálp frá fjölskyldu sinni, sem veitti henni á tímabili húsaskjól og fjárhagslega aðstoð.

eva@frettabladid.is

Atburðir á Krímskaga:

## Svíar vilja í heimavarnarlið

**SVÍÞJÓÐ** Áhuginn á að ganga í heimavarnarliðið í Svíþjóð hefur tvöfaldast eftir að rússneskir hermenn tóku stjórnina á Krímskaga, að því er greint er frá á fréttavef Dagens Nyheter.

Eftir að kalda stríðinu lauk hefur hlutverk heimavarnarliðsins aukist. Búnaður þess er meiri og einnig ábyrgðin. Áhuginn á þátttöku í heimavarnarliðinu er hlutfallslega mestur á Gotlandi, eyju í Eystrasalti. Þar eru rúmlega 450 í liðinu og af þeim bera 250 vopn. - ibs

80 handteknir í Danmörku:

## Lögðu hald á gull í Kristjaníu

**DANMÖRK** Danska lögreglan lagði hald á þrjár milljónir danskra króna í reiðufé, 3,5 kg af gullstöngum, mörg hundruð kíló af hassi, vopn og ökutæki við skyndileit í fríríkinu Kristjaníu og hjá meintum tengiliðum fíkniefnasalanna þar víða um Sjáland í gær, alls á 150 stöðum.

Um áttatíu voru handteknir í Kristjaníu og víðar, segir Politiken.

Lögregla var með mikinn viðbúnað þar sem yfirheyrslur yfir fólkinu fóru fram. - ibs




Gætu þurft að borga 273 milljónir í viðbót vegna Hitaveitu Suðurnesja:

# Dómur hafnar lækkun skatta

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Hafnarfjarðarbær þarf að greiða viðbótarskatt upp á 273 milljónir króna vegna hagnaðar af sölu hlutabréfa í Hitaveitu Suðurnesja fái að standa dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá sjöunda þessa mánaðar. Þá bætist líklega einnig við kostnaður.


GUÐRÚN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR

Hafnarfjarðarbær stefndi ríkinu í febrúar í fyrra og vildi fá tekjuskattsstofn bæjarins fyrir gjaldaárið 2010 lækkaðan um tæpa 5,5 milljarða króna. Til vara krafðist bærinn þess að miðað yrði við gjaldárið 2009, en þá var tekjuskattshlutfallið tíu prósent, en ekki fimmtán prósent eins og árið eftir. Hvoru tveggja var hafnað í dómi héraðsdóms.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir bæinn þegar hafa greitt tekjuskatt af sölunni miðað við tíu prósenta álagningu, með fyrirvara um mótmæli bæjarins. Miðað við fimmtán prósenta skatt hefði hins vegar átt að greiða 820 milljónir króna í skatt af söluhagnaðinum.

Afstöðu til mögulegrar áfrýjunar segir Guðrún verða tekna að lokinni kynningu og að fenginni ráðgjöf lögmanns bæjarins í málinu á næsta fundi bæjarráðs. Lögmaðurinn hafi ekki haft tök á að mæta á fund bæjarráðs í gær. - óká

### Skuldir endurfjármagnaðar og mat bætt

Lánshæfismat Hafnarfjarðar hefur verið hækkað um tvo flokka og stendur í BBB1 með stöðugum horfum. Fulltrúar Reitunar kynntu nýtt mat á fundi bæjarráðs í gær.

Að sögn Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur, bæjarstjóra í Hafnarfirði, kemur nýtt mat í kjölfar endurfjármögnunar á skuldum bæjarins, en Íslandsbanki hefur boðið bænum að endurfjármagna allar skuldir sveitarfélagsins í íslenskum krónum. Um er að ræða endurfjármögnun á erlendum lánum hjá þýska bankanum FMS (áður Depfa).

Í tilkynningu er endurfjármögnunin sögð koma til með að lækka greiðslubyrði og minnka gjaldeyrisáhættu sveitarfélagsins, sem styrki fjárhagsstöðu þess.




**FRÆÐSLUFUNDUR UM FJÁRMÁL**
FYRIR UNGT FÓLK 12–16 ÁRA

Jón Jónsson, tónlistarmaður og hagfræðingur, verður með skemmtilegan fyrirlestur um fjármál.

Húsið verður opnað kl. 19.00 – pítsa og gos í boði. Fundurinn byrjar stundvíslega kl. 19.30.

**Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is**

Arion banki

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 14-0399

## SVONA ERUM VIÐ



**41%** **kvenna á aldrinum 25 til 64 ára hefur lokið háskólanámi.**

**Um 29 prósent karla á sama aldursbili hafa lokið námi frá háskóla.**

*Heimild: Jafnréttisstofa*

Alþjóðleg samstöðuganga fyrir konur með legslímuflakk og aðstandendur:

# Gengu til að vekja vitund fólks

**HEILBRIGÐISMÁL** Konur með legslímuflakk og aðstandendur gengu frá Hallgrímskirkju að Kvennadeild Landspítalans í alþjóðlegri kröfugöngu í gær.

Gangan var í um fjörutíu löndum. Markmiðið er að auka þekkingu á sjúkdómnum, sýna konum með hann skilning og samstöðu auk þess að minna á þörf fyrir göngudeild. Um tvö þúsund konur eru greindar á Íslandi með sjúkdóminn. Gulum borða var nælt í barm heilbrigðisráðherra sem ávarpaði hópinn. **- jm**



**GÖNGUFÓLK** Gulum blöðrum var haldið á loft sem tákn fyrir vitundarvakningu um legslímuflakk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bankar spá um stýrivexti:

# Telja að vextir verði óbreyttir

**EFNAHAGSMÁL** Greiningardeildir viðskiptabankanna þriggja spá óbreyttum stýrivöxtum Seðlabankans á næsta vaxtaákvörðunardegi, 19. mars. Breytt vaxtastig yrði að mati greiningardeildar Arion „sögulegur viðsnúningur“ í afstöðu peningastefnunefndar milli funda.

Greining Íslandsbanka telur tóninn í yfirlýsingu nefndarinnar kunna að breytast úr vaxtahækkunartóni „í að nefndin opni á hugsanlega vaxtalækkun á næstu mánuðum“. **- óká**



**HÆSTIRÉTTUR** Hinn seki skar annan mann með blaði úr dúkahnífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hæstiréttur staðfesti dóm:

## Skar með blaði úr dúkahnífi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir karlmanni sem var dæmdur í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás í miðbæ Reykjavíkur árið 2012.

Hann var sakfelldur fyrir að hafa skallað annan mann í höfuðið, slegið hann tvö högg og skorið með blaði úr dúkahníf. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að hinn ákærði hafði tvisvar hlotið ákærufrestun, árásin hafði átt sér stað í átökum og að hinn ákærði hafði sjálfur hlotið mikla áverka í átökunum. **- bþ**

Afkoma Advania árið 2013:

## Hagnaður nam 1,3 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Advania fyrir afskriftir árið 2013 nam 1.315 milljónum króna samanborið við 341 milljón árið áður.

Heildartekjur samstæðunnar jukust um 2,5 prósent á milli ára og voru 26.478 milljónir króna samanborið við 25.829 milljónir árið á undan. Heildarafkoman var neikvæð um 360 milljónir króna.

Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, segist í tilkynningu vera sáttur við afkomuna og að hún staðfesti jákvæða þróun í rekstri samstæðunnar. **- hg**

# Fylgi Sjálfstæðisflokks hrapar

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík er nærri þriðjungi minni nú en í sveitarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samfylkingin sækir í sig veðrið í borginni.

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn myndi tapa tæpum þriðjungi þess stuðnings sem hann naut í borgarstjórnarkosningunum árið 2010 yrði kosið nú, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Samkvæmt könnuninni, sem gerð var síðastliðinn miðvikudag, fengi Sjálfstæðisflokkurinn 23,1 prósent atkvæða og fjóra borgarfulltrúa. Í kosningunum 2010 fékk flokkurinn 33,6 prósenta fylgi og fimm borgarfulltrúa.

Björt framtíð nær samkvæmt könnuninni ekki að halda því mikla fylgi sem Besti flokkurinn, undir forystu Jóns Gnarr, sópaði að sér í síðustu kosningum. Björt framtíð, arftaki Besta flokksins, fengi 28,3 prósenta fylgi og fimm borgarfulltrúa samkvæmt könnuninni. Besti flokkurinn fékk 34,7 prósent og sex fulltrúa í síðustu kosningum.

Samfylkingin vinnur á frá kosningunum og fengi 23 prósent atkvæða og fjóra borgarfulltrúa yrði gengið til kosninga nú, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn fékk 19,1 prósent atkvæða í síðustu kosningum og þrjá borgarfulltrúa.

Ljóst er að ekki verður myndaður meirihluti nema með samstarfi tveggja af þessum þremur flokkum, sem samanlagt fengju þrettán borgarfulltrúa af fimmtán, samkvæmt könnuninni.

Meirihluti Bjartrar framtíðar og Samfylkingarinnar gæti samkvæmt þessu starfað áfram með sama meirihluta, níu borgarfulltrúa af fimmtán. Einn borgarfulltrúi myndi þó færast frá Bjartri framtíð til Samfylkingarinnar. Einnig er mögulegt að annar hvor flokkanna myndi nýjan meirihluta með Sjálfstæðisflokki eftir kosningarnar.

**Píratar ná inn manni**

Píratar bjóða nú fram til borgarstjórnar í fyrsta skipti. Flokkurinn fengi 9,6 prósent atkvæða yrði gengið til kosninga nú, sem myndi skila þeim einum manni í borgarstjórn.

Vinstri græn mælast með svo til sama fylgi og Píratar, 9,5 prósent, og fengju eins og Píratar einn mann í borgarstjórn. Stuðningur við Vinstri græna hefur aukist frá kosningunum árið 2010, þegar þeir fengu 7,2 prósent atkvæða og einn mann kjörinn.

Aðrir flokkar ná ekki fimm prósenta lágmarkinu til að ná mönnum í borgarstjórn. Um 3,7 prósent ætla samkvæmt könnuninni að kjósa Framsóknarflokkinn, sem fékk 2,7 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Þá ætlar 1,1 prósent að kjósa Dögun, sem ekki bauð fram síðast. Um 1,7 prósent segjast ætla að kjósa einhvern annan flokk.

brjann@frettabladid.is

### ➜ Aðferðafræðin

Hringt var í **1.241** manns þar til náðist í **805** manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 12. mars. Svarhlutfallið var **65** prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku **60** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.



**BORGARMÁLIN RÆDD** Oddvitar framboðanna í Reykjavík svöruðu spurningum fréttamanna á Stöð tvö á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## STUÐNINGUR VIÐ STJÓRNMÁLAFLOKKA




*Bauð fram undir merkjum Besta flokksins í kosningunum árið 2010.

*Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 þann 12. mars 2014.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Friedrichshafen | 18° | New York | 7° |
| Aþena | 16° | Gautaborg | 8° | Orlando | 19° |
| Basel | 18° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 5° |
| Berlín | 14° | Las Palmas | 20° | París | 18° |
| Billund | 11° | London | 17° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 19° | Mallorca | 18° | Stokkhólmur | 9° |




**Á MORGUN** Vaxandi SV-átt, 10-18 m/s síðdegis.




**SUNNUDAGUR** Lægir með deginum.

**HITI BREYTIST LÍTIÐ** Í dag verður stund milli stríða, yfirleitt hægur vindur og úrkomulítið, þó él á stöku stað við norðurströndina. Á morgun er útlit fyrir vaxandi SV-átt og töluverða rigningu um tíma suðvestantil.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# „Vanabindandi akstursánægja“

## Ford Focus.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi aksturseiginleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af.

**5 dyra frá 3.490.000 kr.**
**Station frá 3.640.000 kr.**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur.**




ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með akstursstölvunni fylgist þú með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað kostuðu vatnstjón á síðasta ári?
**2.** Hversu oft er sjúkraflug seint?
**3.** Hversu marga landsleiki hefur Dóra María Lárusdóttir spilað?

**SVÖR:**
**1.** Á þriðja milljarð króna. **2.** Í tíunda hvert sinn. **3.** 100.

Formaður bandarískrar þingnefndar lét hörð orð falla í þingræðu í garð leyniþjónustunnar CIA:

# Segir CIA hafa njósnað um þingmenn

**BANDARÍKIN** Í vikunni kom upp á yfirborðið djúpstæður ágreiningur milli bandarísku leyniþjónustunnar CIA og þingnefndar, sem hefur undanfarin ár verið að rannsaka pyntingar á föngum í haldi leyniþjónustunnar.

Dianne Feinstein, formaður leyniþjónustunefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings, sakar leyniþjónustuna um að hafa njósnað um þingmenn nefndarinnar.

Leyniþjónustan sakar nefndina á móti um að hafa brotið lög þegar hún komst yfir skjöl, sem hún átti aldrei að fá aðgang að.

Nefndin hefur skrifað 6.300 blaðsíðna skýrslu um pyntingastarfsemi leyniþjónustunnar. Skýrslan hefur ekki verið birt opinberlega, en meðal annars er þar fjallað um vatnspyntingar, barsmíðar og aðrar misþyrmingar sem menn, grunaðir um hryðjuverkastarfsemi, máttu sæta í leynifangelsum bandarísku leyniþjónustunnar víða um heim.

John Brennan, yfirmaður CIA, segir margvíslegar rangfærslur að finna í skýrslunni. Feinstein segir hins vegar að skjölin umdeildu, sem komin eru frá Leon Panetta, fyrrverandi yfirmanni CIA, staðfesti það sem fram kemur í skýrslunni. - gb



**DIANNE FEINSTEIN** Formaður leyniþjónustunefndarinnar var harðorður á þingfundi á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samþykkt Evrópuþingsins:

## Upplýsa verður um réttindi

**EVRÓPUMÁL** Samþykkt hefur verið á Evrópuþinginu að komið verði upp sérstökum skrifstofum í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins, ESB, sem eingöngu eiga að upplýsa borgara ríkjanna um réttindi þeirra.

Á fréttavef danska ríkisútvarpsins er haft eftir þingmanninum Jens Rohde að tilgangurinn sé að styrkja innri markaðinn og frjálst flæði vinnuafls.

Þörf sé á slíku frjálsu flæði og þess vegna megi ekki vera nein mismunun. - ibs



**VILL NIÐURSTÖÐU** Már Guðmundsson gengur út af fundi bankaráðs í gær. Í kjölfarið tilkynnti hann fjölmiðlum að hann hefði beðið ráðið að flýta athugun á þeim hluta málsins sem að honum snýr. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**„Ég tel mig ekki hafa gert neitt rangt í þessu ferli en auðvitað kann öðrum að sýnast annað.“**
*Már Guðmundsson seðlabankastjóri*

# Már útilokar ekki að endurgreiða kostnað

Bankaráð Seðlabanka felur Ríkisendurskoðun úttekt á greiðslu málskostnaðar Más Guðmundssonar seðlabankastjóra. Már segist ekki hafa brotið af sér í málinu.

**DÓMSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir að til greina komi að endurgreiða málskostnað sinn vegna málaferla við bankann. Hann telur sig ekki hafa gert neitt af sér.

Lögmannsreikningar Más voru greiddir að fullu af Seðlabankanum eftir að hann fór í mál við bankann vegna lækkunar launa sinna. Bankaráð ákvað í gær að fela Ríkisendurskoðun að gera úttekt á greiðslunum og kanna hvort farið hafi verið að lögum.

Már segir að til greina geti komið að hann endurgreiði málskostnaðinn, þó enn sé of snemmt að segja til um það.

„Það getur verið að niðurstaðan verði sú að ég eigi að gera það, þó ég efist um það,“ segir Már. „En svo getur vel verið að ég eigi að gera það hvort sem er. Eins og maður þekkir er eitt að segja að ekkert hafi verið gert rangt en enginn vandi að fá almenningsálitið upp á móti þeim sem eru taldir hafa eitthvað hærri tekjur en aðrir.“

Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverandi formaður bankaráðs Seðlabankans, tók ákvörðunina um það að endurgreiða Má kostnaðinn vegna málaferla. Í vikunni sagði hún fréttastofu málið vera „storm í vatnsglasi“ og að bankaráð geti ómögulega krafið Má um endurgreiðslu málskostnaðar.

Már sat fyrsta hluta bankaráðsfundarins í gær og lagði þar fram bréf til ráðsins þar sem hann óskar eftir því að þeim þætti athugunar sem snýr að honum sjálfum verði flýtt.

„Við þurfum að fá niðurstöðu í það hvað var rétt og rangt í málinu,“ segir Már. Hann segir jafnframt að ekki sé gott fyrir einn né neinn að láta óvissu í málinu hanga yfir.

„Ég tel mig ekki hafa gert neitt rangt í þessu ferli en auðvitað kann öðrum að sýnast annað,“ segir Már.

Ásamt bréfinu lagði Már fram upplýsingar og gögn frá Seðlabankanum til bankaráðs varðandi málið.

„Síðan er gert ráð fyrir því að það verði fundur á næstunni þar sem mér mun gefast tækifæri til að útskýra mjög ítarlega mína hlið á málinu,“ segir Már. bjarkia@365.is

Svíar til Rúmeníu:

## Ræða betl Rómafólksins

**SVÍÞJÓÐ** Síðar í þessum mánuði halda sænskir stjórnmálamenn til Rúmeníu til fundar við ríkisstjórnina þar. Tilgangurinn er að finna lausn á betli rómafólks víðsvegar í Svíþjóð.

Sendinefnd sex fulltrúa stjórnvalda í Rúmeníu kom til Stokkhólms til þess að gera grein fyrir því hvað gert er þar í landi vegna aðlögunar rómafólks. Sendinefndin ætlar einnig að kanna leiðir til samvinnu við sænsk yfirvöld vegna rómafólks sem betlar í Svíþjóð. - ibs



**DAGUR B. EGGERTSSON** Formaður borgarráðs var gagnrýndur í skipulagsráði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gagnrýni í skipulagsráði:

## Flugvallarnefnd sýnd óvirðing

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulagsráði gera alvarlega athugasemd við ummæli Dags B. Eggertssonar, formanns borgarráðs, um uppbyggingu á Hlíðarendasvæðinu.

Dagur segir uppbygginguna ekki vera lokakafla uppbyggingar í Hlíðahverfi, heldur fyrsta stigið í íbúðauppbyggingu Vatnsmýrarsvæðisins. Sjálfstæðismenn segja ummælin óvirðingu við störf nefndar sem skoðar framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Fulltrúar meirihlutans segja framtíð flugvallarins ekki háða þessari uppbyggingu. - jm



**SKUGGAHVERFIÐ** Ekki hægt að hagga skipulaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allir ósáttir við háhýsi:

## Borgin vill bjarga útsýninu

**SKIPULAGSMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram tillögu á fundi borgarráðs í gær um að afstýra fyrirhugaðri byggingu háhýsis á Skuggahverfisreit, en að óbreyttu kemur það til með að skerða mikilvægan sjónás frá Skólavörðuholti. Tillagan kvað á um að reynt verði að ná samkomulagi við lóðarhafa á reitnum um tilfærslu eða lækkun byggingarinnar. Meirihlutinn telur að ekki sé unnt að afturkalla byggingarleyfið sem veitt var árið 2006 en leggur til að skorað verði á Alþingi að setja fyrningarákvæði í lög, svo hægt verði að endurskoða skipulagsáætlanir. - jm



Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A.
Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




EURO NCAP FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
★★★★★

ALLGRIP

**SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn frá sérfræðingum fjórhjóladrifsbílanna Suzuki. Einstaklega rúmgott farþega og farangursrými, öflug og sparneytin vél. Eyðsla aðeins 5.7 l/100 km í blönduðum akstri.**

### MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:

- All Grip, eitt fullkomnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkar rúður

## Komið og reynsluakið

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf, mars 2014

# Ísland einangrað í makríldeilunni

**Þungum áhyggjum er lýst yfir samkomulagi ESB, Noregs og Færeyja um makrílveiðar. Ásakanir og fullyrðingar ganga á víxl á milli stjórnmálamanna hérlendis og erlendis. Staða Íslands er óljós – í besta falli. Ekki kvikað frá sjálfbærni veiða við Ísland, segir sjávarútvegsráðherra.**

Ljóst er að Ísland stendur eftir einangrað í makríldeilunni. Evrópusambandið, Noregur og Færeyjar undirrituðu samkomulag um skiptingu veiðiheimilda á makríl fyrir næstu fimm ár. Fátt annað liggur ljóst fyrir; hvorki hvað liggur að baki óvæntri þróun mála né hver staða Íslands er í dag og hvernig á að bregðast við því að Íslandi var haldið utan við samkomulagið.

### „Skýringar“

Þegar samninganefndir strandríkjanna stóðu upp frá borðinu eftir sjöundu umferð samningalotunnar í Edinborg í Skotlandi fyrir rúmri viku, var sú skýring gefin af íslenskum stjórnvöldum að fullreynt væri að samningur næðist. Þetta staðfesti Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, sama dag á heimasíðu sinni. Með það fór íslenska samninganefndin heim, en Norðmenn og ESB sátu eftir til að ræða tvíhliða samninga í fiskveiðimálum sín á milli. Nú vita allir að Færeyingar fóru ekki heim heldur.

Nú halda Norðmenn, og fleiri, því fram að slitnað hafi upp úr viðræðum í Edinborg vegna kröfu Íslendinga um veiðar í grænlenskri lögsögu, og er það reyndar haft eftir Jacob Vestergaard, sjávarútvegsráðherra Færeyja, í fjölmiðlum í gær. Eitthvað er þetta málum blandið en í viðtali við færeyska miðilinn Nordlys segir Vestergaard skýrt að „prinsipp“ Íslendinga um sjálfbærar veiðar í anda ráðgjafar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) hafi staðið í vegi fyrir samkomulagi í Edinborg.

Sigurgeir Þorgeirsson, aðalsamningamaður Íslands, segir það liggja fyrir að John Spencer, aðalsamningamaður ESB, sem stýrði viðræðunum hafi talið fullreynt og slitið fundi „með þeim orðum að ekki væri um frekari samningaviðræður að ræða fyrr en 2015“. Fljótt á litið virðist málið því snúast um heildarkvótann. Samkvæmt samningnum er heildarkvótinn rúmlega 1,2 milljónir tonna, en íslenska samninganefndin hélt sig fast við ráðgjöf ICES frá því í fyrra sem hljóðaði upp á 890 þúsund tonn (en var tilbúin að hækka það eitthvað í Edinborg). Hér virðast því ESB, Noregur og Færeyjar hafa gert samning eftir vilja Norðmanna hvað varðar heildarkvótann, sem gengur eftir þegar Ísland var ekki fyrir hinum strandríkjunum í deilunni.

### Vissu ekkert

Ekkert bendir til annars en að mótaðilum Íslands í deilunni hafi tekist fullkomlega það ætlunarverk sitt að semja án vitundar íslenskra stjórnvalda. Þeir sem næst standa málinu fréttu af því á sama tíma og allur almenningur í fjölmiðlum á miðvikudag. Sjávarútvegsráðherra Færeyja lýsir ferlinu sem háleynilegu í viðtali við Nordlys. Hann segir jafnframt að samningurinn hafi legið fyrir á mánudaginn, en skrifað var undir á miðvikudag eftir að ESB hafði kynnt samninginn innan sinna raða. Hann viðurkennir að Færeyingar hafi setið eftir í Edinborg því þeir hafi haft á tilfinningunni að hægt væri að ná samningi um makrílinn, eins og síðar varð.

### Hvað næst?

Bent er á að málið sé þeim mun alvarlegra þegar haft er í huga að Ísland er viðurkennt strandríki frá árinu 2010, og því hefðu ESB, Noregur og Færeyjar aldrei átt að setjast niður án aðkomu Íslands.

Þegar allt er talið í upphafi nýrrar makríldeilu, er kjarni umræðunnar sá að það sem hægt er að gera í augnablikinu er að mótmæla gjörningnum af fullum krafti og íhuga framhaldið, mögulega í samvinnu við Grænlendinga. En anda þarf rólega og falla ekki í þá gryfju að ganga fram í veiðum á makríl með gassagangi.

svavar@frettabladid.is



**HEITAR UMRÆÐUR** Sigurður Ingi Jóhannsson sagði ekki koma til greina að makríll yrði veiddur öðruvísi en á sjálfbæran hátt. Steingrímur J. segir stöðuna sem upp er komin grafalvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## „FORKASTANLEG FRAMKOMA VINAÞJÓÐA“

- Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra flutti Alþingi skýrslu vegna málsins í gær og furðaði sig á vendingum síðustu vikna. Hann fullyrti hins vegar að staða Íslands væri áfram sterk sem fiskveiðiþjóðar, því staðið hefði verið fast við grundvallarhugsun Íslands í fiskveiðistjórnun – sjálfbærni sem ófrávíkjanlega reglu.

  Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, hrósaði Sigurði fyrir sína framgöngu í málinu til þessa en lagði sökina í kjöltuna á Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra. Mönnum hafi borist njósn um að ekki væri allt með felldu, en Gunnar Bragi hafi ekkert gert til að andæfa á vettvangi utanríkisþjónustunnar, og hafi í raun flotið sofandi að feigðarósi.

  Sjálfur var utanríkisráðherra ekki viðstaddur umræðurnar sem Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi hart, en hann saknaði mjög að fá ekki upplýsingar um hver viðbrögð Íslands yrðu á næstu dögum.

  Þeir sem kvöddu sér hljóðs voru sammála um að án tafar yrði mótmælum komið á framfæri við ESB, Noreg og ekki síst Færeyinga. Varla varð það misskilið, og kom fram í máli Steingríms J. Sigfússonar, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, meðal annars að tvíhliða samningar Íslands við Færeyjar litu öðruvísi út í bjarmanum af hinu nýja samkomulagi.

- Við upphaf þingfundar sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra það „forkastanlegt af hálfu vinaþjóða okkar, og nágrannaríkja, að koma saman, vitandi vits, án aðkomu Íslendinga, og gera með sér samkomulag án þess að okkur sé einu sinni hleypt að samningaborðinu. Við eigum að senda ákveðin skilaboð til Norðmanna, til Færeyinga, til ESB, og til annarra sem hafa þóst vera í eiginlegum samningaviðræðum við okkur – skýr skilaboð um það að við kunnum ekki að meta þetta. Og að Alþingi Íslendinga fordæmi þessi vinnubrögð og áskilji sér allan rétt í framhaldinu til eðlilegrar hlutdeildar í makrílstofninum“.





FJÓRHJÓLADRIF
OG FALLEG HÖNNUN.

Hann heitir BMW 320d xDrive GT og er nýjasti bíllinn í hinni nýju og frísklegu GT línu frá BMW. Hærri sæti og meira rými fyrir farþega og farangur eru einkennandi fyrir bílinn en sportlegir eiginleikar eru heldur ekki langt undan því 320d GT er búinn 184 hestafla dísilvél sem skilar 270 Nm í togi við einungis 1.250 sn/mín. xDrive fjórhjóladrifið gefur þessum sportlega bíl forskotið á Íslandi.

**BMW 320d xDrive Gran Turismo - 5,1 l/100 km***
**Verð frá 7.690.000 kr.**

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

B|L

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM61805

# TOSHIBA FERMINGARTILBOÐ

## LÆKKAÐ VERÐ Á FJÖGURRA KJARNA INTEL i7 HASWELL FYRIR FERMINGAR !




## SÉRSTAKT FERMINGARVERÐ

# 169.990

**AÐEINS KR. 15.002 Á MÁNUÐI**

vaxtalaust í 12 mánuði. Innifalið í mánaðargreiðslum er 3,5% lántökugjald og mánaðarlegt færslugjald.

20.000 króna afsláttur. Fullt verð kr. 189.990.
35 stk. til á lager og gildir meðan birgðir endast

## TOSHIBA

TOS-P50A14C

**Nýjasta gerð af fjögurra kjarna 2.4GHz / 3.4GHz Turbo Intel i7 Haswell örgjörva. 8GB 1600MHz vinnsluminni sem hægt er að stækka í 16GB. 2GB Nvidia GeForce GT 740M leikjaskjákort. Sérstaklega skarpur 15,6" Full HD skjár. Stór 1TB harður diskur og kraftmiklir innbyggðir Harman Kardon hátalarar með DTS. Nýjasta útgáfa Windows 8.1.**

### Toshiba gæði og lág bilanatíðni

Tölvulistinn hefur verið umboðsaðili Toshiba um árabil. Á undanförnum árum höfum við selt tugþúsundir fartölva frá Toshiba vegna þess að þær hafa reynst viðskiptavinum okkar mjög vel. Lág bilanatíðni og framúrskarandi ending.

### Fjögurra kjarna Intel i7 Haswell

Haswell útgáfan er nýjasta kynslóð örgjörva frá Intel og i7 er hraðvirkasta útgáfan, sérstaklega þar sem hún vinnur á fjórum kjörnum í stað tveggja. Stærsta breytingin í Haswell örgjörvanum er að orkunýting hans er mun betri en í fyrri útgáfum sem skilar mun lengri rafhlöðuendingu.

### Tvöfalt meira vinnsluminni

Fartölvan hefur 8GB vinnsluminni í stað einungis 4GB eins og margar fartölvur í þessum verðflokki. Þetta auka minni skilar hraðari vinnslu og hægt er að hafa fleiri glugga og forrit opin í einu.

### 2GB leikjaskjákort

Til þess að geta spilað kröfuharða leiki og myndbönd í bestu gæðum skipta gæði skjákortsins og grafíkvinnsla tölvunnar mestu máli. GeForce GT 740M skjákortið frá nVidia með þessum öfluga örgjörva og stóra vinnsluminni skilar leikjaupplifun eins og best verður á kosið.

### Stór 1TB harður diskur

Mikið geymslupláss fyrir bíómyndirnar, þættina, tónlistina, myndböndin og ljósmyndirnar.

### Harman Kardon hátalarar

Sérstaklega öflugir og hljómgóðir Harman Kardon hátalarar með DTS hljómkerfi.

### Góðir tengimöguleikar

Með tveimur USB3 tengjum sem skila allt að tifalt hraðari gagnaflutningshraða og einu USB2 tengi. HDMI til þess að tengja við sjónvarp eða hljómtæki í bestu gæðum. Kortalesari.

PROMENNT **ÓKEYPIS WINDOWS 8.1 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !**

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8.1 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.1.




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

tl.is
TÖLVU LISTINN

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **AKUREYRI** | **HÚSAVÍK** | **EGILSSTAÐIR** | **KEFLAVÍK** | **SELFOSS** | **AKRANES** | **HAFNARFJÖRÐUR** |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

# Síminn tapar sautján milljörðum milli ára

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir uppgjörið einkennast af mikilli virðisrýrnun óefnislegra eigna sem valdi verulegu tapi hjá samstæðunni. Félagið stefnir á skráningu á aðalmarkað Kauphallarinnar á næstu tólf til þrettán mánuðum.

**VIÐSKIPTI** Skipti hf. birti ársreikninginn fyrir árið 2013 í gær. Þar kemur fram að bókfært tap félagsins fyrir árið 2013 nam tæpum 17 milljörðum króna samanborið við 3,4 milljarða tap árið áður.

Í tilkynningu er tapið sagt skýrast af alls 19,6 milljarða gjaldfærslu eftirtalinna liða: Rúmlega 14 milljarða virðisrýrnunar viðskiptavildar, ríflega þriggja milljarða niðurfærslu á kröfu á hendur Glitni hf. og 2,6 milljarða gjaldfærslu í varúðarskyni vegna endurákvörðunar skatta.

„Varðandi tapið þá er langstærsti einstaki þátturinn þar niðurskrift á viðskiptavild. Það var búið að skrifa niður viðskiptavild um meira en 19 milljarða á undanförnum árum, en aldrei í svona stórum skrefum eins og núna,“ segir Orri Hauksson, forstjóri Símans, í samtali við Fréttablaðið.

Orri segir ástæðu niðurfærslunnar vera þá að félagið hafi viljað setja fram forsendur sem eru varúðarfyllri en áður miðað við hvernig afkoma þess hafi þróast milli áranna 2012 og 2013.

„Það voru mótuð framtíðarplön hérna 2010 og þau hafa gengið ágætlega eftir, það er að segja það er að ganga betur í rekstrinum, en það hægist síðan á því hversu afkomubatinn er mikill. Þess vegna vildum við núna, í staðinn fyrir að gera ráð fyrir fyrri áætlunum um afkomubata, frekar sýna aðeins meiri varúð,“ segir Orri.

Rekstrarhagnaður Skipta á síðasta ári fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 8,3 milljörðum króna samanborið við 7,4 milljarða árið áður.

Eiginfjárhlutfall Skipta er 45,0% og eigið fé er 26,4 milljarðar króna. Eigið fé var 7,9 milljarðar í lok árs 2012 og eiginfjárhlutfall 10,2%. Sala nam 29,9 milljörðum króna samanborið við 28,9 milljarða árið áður og er aukningin 3,6%. Rekstrarkostnaður lækkar um 79 milljónir króna milli ára og er 9.467 milljónir króna.

Mikið hefur verið rætt um skráningu Símans á aðalmarkað Kauphallarinnar. Orri segir að ekki þurfi að uppfæra margt til að hægt verði að demba sér í þá vinnu, en það liggi fyrir hjá bæði eigendum og stjórn að stefnt sé að því að fara á markað.

„Það er ekki búið að ákveða tímasetningu, það er að koma aðalfundur núna og það bíður stjórnar að ákveða hvernig þessu verður háttað,“ segir Orri sem telur það munu gerast á næstu tólf til þrettán mánuðum.

fanney@frettabladid.is



**VARÚÐARFYLLRI FORSENDUR** Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir félagið hafa viljað sýna varúð vegna hægari afkomubata undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


TIL SÖLU VANDAÐAR EIKARINNRÉTTINGAR

hannaðar af einum vinsælasta innanhússarkitekt landsins
eldhúsinnrétting, baðinnrétting, lítil þvottahúsinnrétting, fataskápar í 3 herbergi og forstofu og 4 innihurðir einnig gluggar og útihurðir - hvítt og mahogny

SELST MEÐ 50% AFSLÆTTI

TIL SÝNIS Í ÁRMÚLA 15
Í DAG FÖSTUDAG FRÁ KL.10 - 16

Glös fyrir stór og smá tilefni



Hjá Fastus fæst mikið úrval af glösum fyrir stóra og litla veitingastaði. Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 og látið fagmenn hjálpa ykkur við að velja réttu glösin.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_07.03.14

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is
Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

www.volkswagen.is




Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseiginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Volkswagen Tiguan eyðir aðeins frá 5,8l /100 km

Tiguan kostar aðeins frá
5.360.000 kr.

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# „SNERTIR DJÚPT“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI

„[Björg] er svo vel skrifandi ... dáist að henni ... **Gríðarlega sterk bók** ... snertir mann djúpt.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI

„Á skilið **allt það lof** sem hún er að fá.“
EGILL HELGASON, KILJUNNI

„Firnavel skrifuð“
ÞORGEIR TRYGGVASON, KILJUNNI

„Eftirminnileg og vel skrifuð sjálfsævisaga, full af grimmd og andstyggð sem sagt er frá af heiðarleika og einlægni. Hún er **hetjusaga** um vítahring angistar og örvæntingar og grýtta leið til sáttar og bata. Um leið er varpað ljósi á skömm í sögu þjóðarinnar sem hefur verið falin alltof lengi.“
STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR, KVENNABLAÐINU

„Afar **áhrifamikil** bók – svo ekki sé meira sagt.“
STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

„Bókin er **gersemi** – gat ekki lagt hana frá mér.“
GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR




**1. sæti**
Eymundsson – allar bækur
5.-11.3.2014



„Stundum var ég með **kökk í hálsinum** en upp úr stendur að Björg er sigurvegari.“
ANNA KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR, PJATT.IS

VERÖLD

Hamas einangrast æ meir:

## Efnahagsvandi á Gasa versnar

**PALESTÍNA, AP** Leiðtogar Hamas-stjórnarinnar á Gasasvæðinu glíma nú við versta efnahagsástand svæðisins allt frá því þeir náðu því á sitt vald fyrir sjö árum.

Auk einangrunar af hálfu Ísraela hafa Egyptar lokað landamærunum til Gasa og er það farið að segja verulega til sín.

Ekkert bendir til þess að ástandið skáni á næstunni, þar sem bæði Ísrael og Egyptaland hafa verið að herða landamæraeftirlit sitt. **- gb**

Kanslari Þýskalands vill ná samkomulagi við Rússa í Úkraínudeilunni:

## Notfæra sér veika stöðu Úkraínu

**BERLÍN, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði á þýska þinginu að eina leiðin til að leysa vandann á Krímskaga væru samningaviðræður og bætti við að ekki kæmi til greina að beita hervaldi. Að sögn Merkel ætlar ESB og önnur vestræn ríki fljótlega að hefja frystingu bankainnistæðna og koma á ferðatakmörkunum í refsiskyni ef Rússar vilja ekki semja í málinu.

„Ef Rússland heldur áfram á þessari braut mun það ekki aðeins hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir Úkraínu,“ sagði hún. „Það mun valda Rússlandi miklum skaða, bæði pólitískum og efnahagslegum.“

Merkel sagði að ákvörðun Rússa um að fara með herlið inn á Krímskaga væri klárt brot á alþjóðlegum lögum og að Rússar væru að notfæra sér veika stöðu nágranna síns með aðferðum sem svipuðu til þeirra sem Evrópuveldi beittu á síðustu öld. **- fb**



**ANGELA MERKEL** Segir að Rússar hafi brotið alþjóðleg lög með því að ráðast inn á Krímskaga. MYND/AP

Úkraínskur auðjöfur:

## Tekinn fastur í Austurríki

**AUSTURRÍKI, AP** Austurríski auðjöfurinn Dmítró Firtash, einn áhrifamesti viðskiptajöfur landsins, hefur verið handtekinn í Austurríki.

Bandaríkjastjórn vill fá hann framseldan í tengslum við ásakanir um mútur og önnur brot.

Firtash hefur verið stuðningsmaður Viktors Janúkovítsj, sem hraktist frá völdum og er nú landflótta í Rússlandi. Talsmenn Firtash segja handtökuna ekki tengjast ólgunni í Úkraínu undanfarið. **- gb**

Barátta um bein konungs:

## Gröf Ríkharðs III. verði í York

**LONDON, AP** Fjarskyldir ættingjar Ríkharðs III., fyrrverandi Englandskonungs, hófu í gær baráttu fyrir hæstarétti um hvar eigi að grafa hann á nýjan leik.

Jarðneskar leifar Ríkharðs, sem var drepinn í orrustu árið 1485, fundust undir bílastæði í borginni Leicester árið 2012.

Stjórnvöld hafa veitt dómkirkjunni í Leicester í Mið-Englandi leyfi til að grafa konunginn í borginni en ættingjar hans vilja að hann verði grafinn í borginni York, sem er í norðurhluta Englands. Þeir segja að stjórnvöld hafi ekki tekið nógu vel til greina óskir Ríkharðs eða afkomanda hans um hvar gröf hans skuli vera. **- fb**



**BEIN KONUNGS** Bein Ríkharðs III. fundust undir bílastæði í Leicester fyrir tveimur árum. MYND/AP

Framtíð vinnuvistfræðinnar

Í tilefni af aðalfundi Vinnuvistfræðifélags Íslands verður efnt til þjóðfundar

þann 20. mars nk. í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1, frá kl.17:00-18:30

Þátttakendur munu velta fyrir sér framtíð félagsins, skilgreiningu á hugtakinu vinnuvistfræði, eflingu hennar og mikilvægi.

Í framhaldi verður aðalfundur Vinnís. Boðið verður uppá léttar veitingar. Skráning á vinnis@vinnis.is

Allir áhugasamir velkomnir
Sjáum ykkur á þjóð- og aðalfundi Vinnís

# Skerða styrki þeirra sem hafna störfum

**Markmið að fækka fólki sem fær beinar fjárhagsbætur frá Hafnarfjarðarbæ um helming, í staðinn býðst því hlutastarf. Margfalt fleiri en áður fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu þegar bótaréttur hjá Vinnumálastofnun rennur út.**

**VELFERÐAMÁL** „Reynsla annarra er sú að þegar farið er í átaksverkefni af þessu tagi þá verði ákveðið brottfall,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Á miðvikudaginn var samþykkt að hefja verkefnið „Áfram! – Ný tækifæri í Hafnarfirði“. Þá getur einstaklingur sem þiggur fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu haft möguleika á hlutastarfi. Þannig bæta þessir einstaklingar einnig kjör sín með aukinni fjárhagsaðstoð.

Ef einstaklingur hafnar tilboði um þátttöku í virkniúrræðinu skerðist fjárhagsstyrkur tímabundið um helming. Spá um brottfall gerir ráð fyrir að 57 einstaklingar hætti að fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu.

Brottfallið kemur að einhverju leyti til móts við aukinn kostnað sveitarfélagsins af þessu átaki. Þannig eru færri sem fá aðstoð, færri sem fá fulla aðstoð en þeir sem taka þátt í átakinu fá hærri upphæðir. Meðalframfærsla er 119.408 krónur en fyrir 66 prósent starf mun þátttakandi fá 165.000 krónur.

„Sveitarfélagið er tilbúið með hundrað störf en við eigum eftir að snerta á fyrirtækjum í bænum,“ segir Guðrún.

Yfir 600 manns þiggja nú fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu. Mikil fjölgun hefur verið á síðustu árum þegar sífellt fleiri missa bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun eftir þrjú ár. Sveitarfélögin hafa þurft að standa straum af þessu síðastliðin ár.

Frá árinu 2001 hefur heildarfjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar farið úr 197 milljónum í 711 milljónir króna.

Guðrún segist hafa sérstakar áhyggjur af ungu fólki sem flosnað hefur upp úr námi og hefur aldrei fengið reynslu á vinnumarkaði.

Á síðastliðnu ári voru um 250 einstaklingar yngri en 25 ára á framfærslu hjá bæjarfélaginu eða um fjörutíu prósent. Um sjötíu prósent þeirra sem þiggja aðstoð eru vinnu- eða virknifærir.

„Það þarf að mæta fólki þar sem það er statt. Þannig fá ungmenni reynslu af því að mæta til vinnu, fá hærri framfærslu og finna fyrir meiri tilgangi í samfélaginu. Fyrir þá sem reynist erfitt að finna vinnu innan þessa úrræðis þarf að nýta aðra kosti, eins og starfsendurhæfingu og meðferðarúrræði,“ segir bæjarstjórinn. **ardis@frettabladid.is**

### FJÖLDI EINSTAKLINGA SEM NUTU FJÁRHAGSAÐSTOÐAR HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ ÁRIN 2001-2013






**„Það þarf að mæta fólki þar sem það er statt.**

*Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.*



# SAMSTÖÐUFUNDUR 3

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 15. mars




Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

**www.þjóð.is**



## NÝR PEUGEOT 2008

**MOTION & EMOTION**

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

www.peugeot.is

# FRUMSÝNUM Á LAUGARDAG

# PEUGEOT 2008




## PEUGEOT 2008 KOSTAR FRÁ KR. 3.130.000

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,4** til **4,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **87** til **104**.

PEUGEOT

**OPIÐ LAUGARDAG MILLI KL. 11:00 OG 16:00**

Undarleg afstaða til aðgangs að upplýsingum:

# Fagfólkið má vita, ekki foreldrarnir

Fulltrúar Bezta flokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í skóla- og frístundaráði felldu í síðustu viku tillögu sjálfstæðismanna um að aflétta leynd af útkomu einstakra grunnskóla í Reykjavík í PISA-könnuninni svokölluðu, sem mælir þekkingu grunnskólanema í mörgum löndum.

Þetta var einkennileg ákvörðun hjá auknum meirihluta borgarstjórnar og rökstuðningurinn fyrir henni er enn þá furðulegri. Eva Einarsdóttir, fulltrúi Bezta flokksins í skóla- og frístundaráði, sagði í samtali við Fréttablaðið að hvorki skólarnir né nemendurnir hefðu gott af því að „auglýsa hvaða skólar standi sig vel og hverjir illa" eins og hún orðaði það.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í bókun meirihluta ráðsins kemur skýrt fram að hann treystir foreldrum ekki fyrir upplýsingum um það hvernig hver og einn skóli kom út úr könnuninni; það sé alveg nóg að fagfólk hafi þær upplýsingar og fjalli um þær. „Fagfólk skólanna ígrundar niðurstöður sinna nemenda og útfærir umbótaáætlun á þeim grunni. Vandséð er hvernig þeim mun ganga betur í þeirri vinnu með því að kjörnir fulltrúar hafi eingöngu áhuga á því að mata fjölmiðla á því hver er bestur og hver er verstur samkvæmt gamaldags sýn þeirra sem telja skólastarf vera keppnisíþrótt," segir meirihlutinn.

Þetta er allt saman einhver ógurlegur misskilningur á gildi opinnar stjórnsýslu og að almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum. Meirihlutinn í borgarstjórn virðist gleyma að skólarnir eru reknir fyrir peninga foreldranna og þeir hljóta að gera kröfu um að útsvarið þeirra sé nýtt með góðum árangri.

Það er orðið almennt viðurkennt að til þess að geta metið gæði opinberrar þjónustu verða að liggja fyrir mælingar á árangri hennar. Það er algjörlega galið að segja að þegar slíkar mælingar liggi fyrir eigi þær eingöngu að vera aðgengilegar starfsmönnum kerfisins, en ekki notendunum. Embættismennirnir eru í þjónustu skattgreiðenda og verða að lúta aðhaldi frá almenningi, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Þegar rætt er um að birta samanburð á skólum, til dæmis útkomu í lesskimunarprófum eða samræmdum prófum, er oft bent á að það sé ójafnt gefið; skólar í hverfum þar sem tekjur eru lægri, menntun minni og margir innflytjendur komi til dæmis verr út en aðrir. Það er rétt og verður að taka tillit til þess. En það er ekki hægt að útskýra burt allan mun á skólum með slíkum félagslegum þáttum, af því að við vitum að kennarar eru misgóðir, skólastjórnendur eru misgóðir og skólar eru misgóðir. Með slíkri nálgun er búið að fjarlægja þann hvata til að gera betur sem allir þurfa á að halda.

Í tillögu sjálfstæðismanna er bent á alþjóðlegar rannsóknir sem sýna fram á að kostir sjálfstæðis skóla nýtist illa ef upplýsingar um árangurinn eru ekki tiltækar foreldrum og skólasamfélaginu. Þetta liggur raunar í augum uppi. Stjórnendur skóla eiga ekki bara að hafa sjálfstæði til að gera það sem þeim finnst sniðugt, heldur hljóta þeir að þurfa að hlusta á viðskiptavini sína, foreldra nemendanna.

Með því að halda niðurstöðum PISA-könnunarinnar leyndum er nefnilega verið að skrúfa fyrir mikilvæga auðlind, sem er aðhald frá foreldrum skólabarna. Í þeim hópi eru margir sem vita sínu viti, ekkert síður en fagfólkið í skólunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framtíðarsýnin

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, gerði styrkingu gengis krónunnar að umfjöllunarefni á Alþingi í gær. Hann sagði að sér liði svolítið eins og árið væri 1985 eða svo. Í mötuneyti þingsins væri boðið upp á kótilettur með eggi og raspi og þá heyrði hann líka gamalkunnan kórsöng. Útgerðarmenn að fara fram á að gengið verði lækkað þar sem þeir telja það of hátt. Þetta hefði gerst hér á landi svo áratugum skipti, að fjármunir væru færðir frá hinum mörgu til hinna fáu. Hann velti því upp hvort hér væri komin þessi framtíðarsýn í gengismálum þjóðarinnar sem lengi hefði verið auglýst eftir.



### Árið 2009 var að hringja

Heiða Kristín Helgadóttir, varaþingmaður Bjartrar framtíðar, tók einnig til máls á þinginu í gær. Hún hóf ræðu sína á að ávarpa forseta þingsins með orðunum ástkær forseti, sem er skemmtileg tilbreytni frá hinum virðulega forseta. Heiða Kristín kvartaði yfir framgöngu stjórnarmeirihlutans í kringum ESB-málið og sagði umræðuna oft líkjast því sem var árið 2009 þó hún hafi þroskast að einhverju leyti. Heiða benti ástkærum forseta á að árið 2009 hafi verið að hringja og vilji fá umræðuna sína til baka.

### Formaður VG – Samfylkingar?

MMR birti í gær könnun á trausti til forystufólks í stjórnmálum. Þar var lítið sem kom á óvart, traust til forystumannanna almennt dregst saman, að undanskildum Jóni Gnarr borgarstjóra. Þá segjast flestir bera mikið traust til Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. Hins vegar var eitt sem stakk í stúf í könnun MMR og það var traustsyfirlýsing, eftir stuðningi við stjórnmálaflokka, við Katrínu Jakobsdóttur formann Vinstri – grænna. Þar kom nefnilega fram að fleiri stuðningsmenn Samfylkingarinnar treysta Katrínu Jakobsdóttur, eða 80,7 prósent, heldur en Árna Páli Árnasyni, formanni Samfylkingarinnar sem fékk aðeins 62,7 prósenta traust frá samflokksmönnum sínum.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Treystum þjóðinni

EVRÓPUMÁL



Katrín Júlíusdóttir
varaformaður Samfylkingarinnar

Til að leiða til lykta umræðuna um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu þarf þjóðin að koma að málinu. Hvort Íslendingar gangi í Evrópusambandið og sitji við borðið með öðrum sjálfstæðum þjóðum og móti þannig framtíð sína, er stærsta spurningin sem er uppi í íslenskum stjórnmálum.

Með aðild að Evrópusambandinu verður hægt að taka upp evru og mótun nýrrar peningamálastefnu verður auðveldari. Auðveldara verður að aflétta höftum og það verður auðveldara að halda þekkingarfyrirtækjum á Íslandi með öllum þeim störfum og gjaldeyristekjum sem þau skapa. Viðskiptaráð áætlar að alþjóðageirinn hafi orðið af 80 milljörðum í gjaldeyristekjur vegna haftanna árið 2013. Það verður auðveldara að ná vöxtum niður. Samtök atvinnulífsins áætla að vaxtakostnaður heimila og fyrirtækja sé 150 milljörðum meiri en ella vegna krónunnar árið 2013.

Á síðasta kjörtímabili kom út vönduð skýrsla Seðlabanka Íslands um kosti okkar í gjaldmiðilsmálum. Tveir kostir voru taldir mögulegir. Annar var upptaka evru samhliða inngöngu í Evrópusambandið og hinn að kljást áfram við krónuna þar sem Seðlabankinn hefði víðtækar heimildir til að stýra fjármagnsflutningum, m.ö.o notast við misstíf gjaldeyrishöft eftir tilefni og árferði.

Auðvitað er spurningin um aðild að Evrópusambandinu stærri en val á milli þessara tveggja kosta. En þeir einir sýna að það að loka dyrunum á aðild að Evrópusambandinu er óskynsamlegt. Það verður enn óskynsamlegra þegar horft er á hvað við erum komin langt í samningaviðræðum. Og það verður að teljast algjört glapræði að loka þeim þvert á gefin loforð um að þjóðin fái að ákveða framhaldið. Höfum í huga að loforðin leiddu til þess að Evrópumálin fengu litla athygli í síðustu alþingiskosningum.

Samfylkingin hefur frá stofnun barist fyrir almannahagsmunum og lýðræðisumbótum til að brjóta stjórnmálin undan oki sérhagsmuna einstakra stétta og viðskiptablokka. Að hlusta á kröfu meira en 20% atkvæðisbærra Íslendinga sem ritað hafa undir áskorun um aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um framhald viðræðna við ESB er algert lágmark í þeim lýðræðisumbótum sem þurfa að eiga sér stað í nánustu framtíð. Við í Samfylkingunni ætlum að ræða það á flokksstjórnarfundi um helgina hvernig við getum lagt okkar af mörkum til nauðsynlegra lýðræðisumbóta hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Opið 17-18

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Fyrir nokkrum árum lokaði ríkið í Mjódd og flutti í nálæga garðyrkjubúð. Fyrir vikið á ég af og til leið um garðyrkjubúð. Fyrir vikið hef ég keypt dót í garðyrkjubúð. Samt er ég hvorki með garð né hef brennandi áhuga á því að eignast slíkan. En svona er þetta. Einokunaraðili með vinsæla vöru trekkir að.

Það þarf auðvitað ekki endilega að vera að eitthvert tásunudd sé í gangi þegar einokunarverslun ríkisins velur sér staðsetningu. En það breytir því ekki að niðurstaðan, sama hver hún verður, gefur sumum verslunum og verslunarkeðjum ákveðið forskot. Auðvitað er það styrkur Kringlunnar og Smáralindar að þessar miðstöðvar eru með vínbúðir. Auðvitað yrði það mikið högg fyrir Fjörðinn í Hafnarfirði ef ríkið færi þaðan. Og auðvitað glæðir ekki beint verslun í Grafarvogi, í Garðabæ eða á Álftanesi að þar sé hvergi hægt að kaupa rauðvín fyrir matarboðið eða bjór fyrir Eurovision-partíið.

### Þú keyrir – við spörum

Þetta er ekki heilbrigt umhverfi. Segjum að einhverjir ætli sér að opna verslunarmiðstöð í samkeppni við Kringluna eða Smáralind. Auðvitað vilja menn þá að viðskiptavinir verslunarmiðstöðvarinnar geti gert öll sín matarinnkaup þar inni, án þess að fara annað. Hvað þarf þá að gera? Tuða í opinberri stofnun? Krefjast pólitískra afskipta kjörinna fulltrúa?

Búið er að loka ríkinu í Grafarvogi og í Garðabæ. Það er skýrt út með rökum sem hljóma eins og markaðsrök. En auðvitað eru alveg markaðsforsendur til að selja áfengi á þessum stöðum. Einokunaraðilar munu hins vegar alltaf hafa ákveðinn hag af því að lækka eigin dreifingarkostnað með því að láta kúnnana einfaldlega keyra lengra eftir vörunni. Hvað ætlar kúnninn svo sem að gera. Fara annað? Bara ef aðrir hugsuðu svona: „Tekist hefur að fækka pitsu-stöðunum á höfuðborgarsvæðinu niður í tvo.“

### Slappt úti á landi

Í mörg ár hefur ÁTVR haldið uppi mjög slappri þjónustu utan höfuðborgarinnar. Lengi vel voru gjarnan margir klukkutímar í bíl í næstu áfengisverslun. Nú eru búðirnar ögn fleiri en kortið blekkir samt dálítið. Í fjölmörgum þessara verslana er algengur opnunartími klukkustund á dag. Og úrvalið svipað og í danskri sjoppu.

Það er reyndar eitt stórundarlegt við viðhorf margra til einokunarverslunarinnar. Eitt væri að hafa þá afstöðu að áfengið sé stórhættuleg vara sem eigi ekki að vera í góðri dreifingu. En margir virðast hafa sannfærst um að þessi slappa dreifing sem boðið er upp á sé í raun alveg frábær. Víða má heyra þær áhyggjur að frjáls sala áfengis muni gera aðgengið úti á landi verra!

Á Seyðisfirði er nú hægt að kaupa bjór í klukkutíma á dag fjóra daga vikunnar en opið er aðeins lengur á föstudögum. Trúið mér, þessi tími mun ekki styttast við það að ríkiseinokun á áfengi verði aflétt. Né heldur mun úrvalið versna. Eins og ég rakti í nýlegum pistli mínum „Selfoss og Maribo“ bendir margt til að vínúrvalið í íslenskum bæjum sé töluvert síðra en í dönskum bæjum af sömu stærð.

### Mun allt hækka?

Hvað verðið varðar þá ræðst íslenskt áfengisverð auðvitað að mestu af löggjöf. En reynslan sýnir raunar að bjór og vín eru vörur sem fólk hefur gjarnan talsvert góða verðtilfinningu fyrir. Það yrði því erfiðara fyrir kaupmenn að „okra“ á þessum vörum en til dæmis á pestókrukkum. Lágvörukeðjur myndu hafa svipað verð á áfengi á SV-horninu og annars staðar. Í minni verslunum yrði það líklegast dýrara hvort sem það væri úti á landi eða á þéttbýlisstöðum en aftur á móti myndi þetta styrkja rekstur slíkra verslana.

> Í mörg ár hefur ÁTVR haldið uppi mjög slappri þjónustu utan höfuðborgarinnar.

Minni verslanir þrífast mun betur í löndum þar sem kaupmenn mega selja fólki bjór.

ÁTVR getur ekki haldið uppi vínsölu í sjötta stærsta sveitarfélagi landsins. Víða úti á landi eru áfengisbúðirnar opnar sex tíma í viku. Menn geta auðvitað haft þá afstöðu að áfengi sé stórhættuleg vara sem eigi að dreifa illa. En óttinn um að dreifingin, hvort sem það er úti á landi eða á SV-horninu, myndi versna ef vínsala yrði gefin frjáls er ástæðulaus. Kaupmenn kunna alveg að selja hluti.

## AF NETINU

### Datt botninn úr?



Hugsanlega má segja að botninn hafi dottið úr nýrri Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar í gær, þegar uppvíst varð um makrílsamninga Norðmanna, Færeyinga og ESB.

Þar staldrar maður einkum við tvö atriði:

- Samstarf við Noreg og Liechtenstein á vettvangi EES-samningsins verði eflt.
- Áhersla lögð á áframhaldandi öflugt norrænt og vestnorrænt samstarf til að efla enn frekar hagsmunagæslu á Evrópuvettvangi.

En þarna gerðist tvennt. Tvö ríki á hinu vestnorræna svæði, Noregur og Færeyjar, ákváðu að fara sína eigin leið og skilja Íslendinga útundan.

Og Norðmenn, sem eru megin-stoðin í EES og borga megnið af kostnaðinum við samninginn, voru ekki beinlínis að sýna samstarfslund í garð Íslendinga eða vilja til að hafa þá með.

http://eyjan.pressan.is/

*Egill Helgason*

### Evrur flæða um allt



Ferðaþjónusta er stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar, stærri en sjávarútvegur. Tekjur af erlendum ferðamönnum námu 275 milljörðum króna í gjaldeyri árið 2013, 27% af „útflutningi“ vöru og þjónustu. Evrurnar flæða inn í landið. Mikilvægara er að efla þessa grein en þá grein, sem gefur minnstar tekjur, mesta eyðileggingu, minnsta vinnu. Það er stóriðjan, draumur fávitanna. Svo er ferðaþjónustan líka menningaraukandi. Eftir flestar listir og hefur látið rætast villtustu drauma matgæðinga. Nú fæst fínasti matur og fínasta kaffi á öðru hverju götuhorni. Jafnframt fækkar framsóknarmönnum og öðrum kolbítum.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar

**Sókn í þágu þjóðar**

laugardaginn 15. mars 2014 í Víkingasal Hótels Natura



**Efst á baugi – málefni rýnd til gagns**
Málstofur kl. 10.45 til 12.00

**Olíuríkið Ísland?**
Starfshópur Samfylkingarinnar um stefnumótun vegna olíuleitar kallar eftir sjónarmiðum flokksfólks. Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, leiðir umræðuna.

**Staða og framhald aðildarviðræðna við ESB**
Gestir: Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, og Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ.

**Framtíð framhaldsskólastigsins**
Gestir: Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Guðríður Arnardóttir, verðandi formaður Félags framhaldsskólakennara.

**Flokksstjórnarfundur**
Kl. 13.00 **Ræða formanns Samfylkingarinnar** Árna Páls Árnasonar
Kl. 13.35 **Hjartans málið mitt!** Sjö frambjóðendur til sveitarstjórna segja frá sínu hjartans máli
Kl. 14.30 **Almennar umræður**
Kl. 16.15 Samantekt og fundarslit

Nánari upplýsingar á xs.is

*Kaffigjald kr. 1.000.*
*Fundurinn er opinn öllum félögum í Samfylkingunni.*
*Kjörnir fulltrúar í flokksstjórn hafa atkvæðisrétt á fundinum.*

XS



# Danskir dagar




Loksins á Íslandi!

Jensen´s
Pulled Chicken
og Pulled Pork




Hotdog pylsur og pylsubrauð




Jensen´s
BBQ svínarif
*- sem þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli*

direkte fra **Danmark**




**499** kr/stk
u.á. 579

**3 Stjernet Salami**
*Ekta dönsk salami.*

direkte fra **Danmark**



**Graasten brauðsalöt**
*Ómissandi á dönskum dögum.*

direkte fra **Danmark**




**Sun Lolly**
*Beint í frystirinn.*

direkte fra **Danmark**




**Merrild kaffi**
*Nú fæst Merrild líka í púðum.*




direkte fra **Danmark**

**Spunk**
*Lakkrís og vingúmmí.*

*Nýtt í Hagkaup*

direkte fra **Danmark**




**Kims purusnakk**
*Stökkt og bragðgott.*

direkte fra **Danmark**




**Danskt súkkulaðistykki**
*Ótrúlega gott.*

direkte fra **Danmark**




**Harboe safi**
*Hreinn safi - ekta danskur.*

*Gildir til 16. mars á meðan birgðir endast.*

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

# Tilboð á grísakjöti á dönskum dögum



**Grísabógur hringskorinn**
**598 kr/kg**
verð áður 979

**Grísahryggur purusteik 1.299 kr/kg**
verð áður 1.799

**Grískótilettur beinlausar 1.599 kr/kg**
verð áður 1.999

**Grísalundir 1.599 kr/kg**
verð áður 2.499

**Grísahnakkafile 1.099 kr/kg**
verð áður 1.899

direkte fra **Danmark**



**Viking álegg**
*Fyrir danska víkinga.*

Nýtt á dönskum dögum

direkte fra **Danmark**



**Nikoline**
*Ávaxtasafar að hætti dana.*

direkte fra **Danmark**



**Jolly Cola**
*Ekta danskur kóladrykkur.*



**Haribo nammi**
*Meiriháttar úrval.*

direkte fra **Danmark**



**Kims rugkanter**
*Hollara snakk.*

direkte fra **Danmark**



**Sambakossar**
*Gefðu danskan súkkulaði koss.*

direkte fra **Danmark**



**Dan Cake**
*Við fengum danska bakara til að redda dönskum dögum.*

direkte fra **Danmark**



**Jakobsen**
*Marcipanbrauð frá Jakobsen.*

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## MERKISATBURÐIR

**1800** Barnaba Chiaramonti verður Píus 7. páfi.

**1828** Friðrik Sigurðsson, Agnes Magnúsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir myrða Natan Ketilsson og Pétur Jónsson á Illugastöðum á Vatnsnesi og kveikja síðan í bænum.

**1911** Kristján Jónsson verður ráðherra Íslands. Hann situr í embætti í rúmlega ár.



JOHN F. KENNEDY

**1950** Steingrímur Steinþórsson verður forsætisráðherra og situr ríkisstjórn hans þar til í september 1953.

**1964** Jack Ruby er sakfelldur fyrir að myrða Lee Harvey Oswald, meintan morðingja Kennedys, forseta Bandaríkjanna.

**1967** Lík Johns F. Kennedy Bandaríkjaforseta er flutt til frambúðar í Arlington-kirkjugarð.

**1969** Söngleikurinn Fiðlarinn á þakinu er frumsýndur í Þjóðleikhúsinu. Verkið á eftir að njóta meiri vinsælda en nokkurt annað leikverk hafði notið fram að því.

**1981** Skyndibitakeðjan Tommaborgarar er stofnuð í Reykjavík.

**1987** Þyrla Landhelgisgæslunnar bjargar níu manns af Barðanum sem hafði strandað við Dritvík á Snæfellsnesi.

**ÞETTA GERÐIST** 14. MARS 1991

# Sexmenningunum frá Birmingham sleppt

Þennan dag árið 1991 var „sexmenningunum frá Birmingham“ sleppt úr fangelsi eftir að áfrýjunarréttur sýknaði þá af ákæru um morð á 21 manni. Paddy Joe Hill, Hugh Callaghan, Richard McIlkenny, Gerry Hunter, Billy Power og Johnny Walker höfðu setið 16 ár í fangelsi fyrir morðin þegar þeim var sleppt.

Mennirnir voru handteknir árið 1974. Þeir höfðu yfirgefið Birmingham skömmu eftir að sprengjur sprungu í tveimur krám í miðbæ Birmingham. 21 lét lífið í sprengingunum og rúmlega 160 manns slösuðust. Mennirnir játuðu á sig verknaðinn í yfirheyrslum lögreglu en sögðu fyrir rétti að þeir hefðu gert það eftir að hafa verið barðir af lögreglunni.

Seinni tíma rannsókn á málinu leiddi í ljós að margt hafði misfarist í rannsókninni og sönnunargögnum verið hagrætt og í ljósi þess var mönnunum sleppt lausum.

Patrick Hill setti á fót þrýstihóp sem beitir sér fyrir rétti þeirra sem hafa verið fangelsaðir að ósekju. Árið 2012 taldi hópurinn að 4.000 manns



í Bretlandi sætu saklausir í fangelsi. Kvikmyndin Í nafni föðurins var gerð eftir sögu sexmenninganna í kjölfar þess að þeir voru látnir lausir.



**AFMÆLINU FAGNAÐ** Halldór Guðmundsson framkvæmdastjóri kaffihúsanna og Kristín María Dýrfjörð, markaðsstjóri T&K, eru hér á nýja kaffihúsinu. MYND/EINKASAFN

# Afmælinu fagnað með nýju kaffihúsi

**Te og kaffi fagnar á árinu þrjátíu ára afmæli og hefur af því tilefni opnað nýtt kaffihús í Borgartúni. Kaffimenning Íslendinga breytist með árstíðunum.**

Te & kaffi stendur á miklum tímamótum í ár og fagnar hvorki meira né minna en þrjátíu ára afmæli sínu. Af því tilefni opnaði fyrirtækið sitt tíunda kaffihús í Borgartúni 21a. „Við erum mjög stolt af nýja kaffihúsinu, það er mjög rúmgott og aðgengið er frábært,“ segir Halldór Guðmundsson framkvæmdastjóri kaffihúsanna.

Hann segir mikinn umgang vera á svæðinu í kring um nýja kaffihúsið. „Þetta er stórt vinnusvæði en við erum þó með mikið af bílastæðum. Þetta er klárlega aðgengilegasta kaffihúsið í bænum um helgar,“ segir Halldór glaðbeittur.

Þar er góð aðstaða fyrir til dæmis hópa sem vilja sitja í góðu umhverfi en nýja kaffihúsið er opið til klukkan 23.00 á fimmtudagskvöldum.

Hann segir kaffimenningu Íslendinga hafa breyst mikið á undanförnum árum. „Þetta byrjaði að breytast upp úr aldamótum. Í dag er kaffi latte vinsælasti kaffidrykkurinn.“ Hann segir einnig að vinsældir drykkjanna fari mikið eftir árstíðum. „Köldu kaffidrykkirnir eru vinsælli á sumrin,“ bætir Halldór við.

Nýja kaffihúsið hefur talsverða sérstöðu og er óvenju háþróað því þar verður uppáhellibar, tebar og landsins mesta úrval af hágæða tei í lausu. „Við ætlum að bjóða upp á „afternoon tea“ þar bráðlega,“ bætir Halldór við.

Vinsælasta útibú Tes & kaffis er á Laugavegi en einnig er Te & kaffi í Eymundsson á Skólavörðustíg og á Akureyri vinsælir staðir.

Halldór segir að mikið sé á döfinni hjá fyrirtækinu á afmælisárinu. „Við ætlum



**STÍLHREINT** Nýja kaffihúsið lítur vel út.

að gera margt skemmtilegt í ár og er nýja kaffihúsið í Borgartúni bara byrjunin. Við erum í stöðugri vöruþróun og erum alltaf að bæta þjónustuna okkar.“

gunnarleo@frettabladid.is




†

Ástkær eiginmaður minn, yndislegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR ÓLI ÞORBJÖRNSSON**
**Skarðshlíð 40C, Akureyri,**

lést á heimili sínu að kvöldi sunnudagsins 2. mars í faðmi fjölskyldu sinnar. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fá læknar og starfsfólk lyfjadeildar Sjúkrahúss Akureyrar og Heimahlynningar á Akureyri, fyrir yndislega umönnun og alúð.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigrún Ragnarsdóttir**
**Ragnar Hauksson** **Hugrún Hjördís Sigurbjörnsdóttir**
**Þorbjörg Hauksdóttir**
**Valgeir Hauksson** **Halldóra F. Sverrisdóttir**
**Sigurður Rúnar Hauksson**
**afa- og langafabörn.**



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**DÓRA INGVARSDÓTTIR**
**Stapaseli 13,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 11. mars.

**Þórunn Ólafsdóttir** **Marteinn Sigurðsson**
**Berglind Marteinsdóttir** **Ólafur Marteinsson**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÞÓRHALLSDÓTTIR**
**Skúlagötu 44,**

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 10. mars.

**Sigurður Árni Sigurðsson**
**Helga Guðbjörg Sigurðardóttir** **Þórður Ingason**
**Sigríður Lovísa Sigurðardóttir** **Pétur Pétursson**
**Hallveig Sigurðardóttir** **Sigurður Oddgeir Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn**



†

Okkar ástkæra

**INGIBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR**
**frá Þiljuvöllum, Berufjarðarströnd,**

sem lést 7. mars sl., verður jarðsungin þriðjudaginn 18. mars kl. 13.00 frá Háteigskirkju.

**Kristín Snæbjörnsdóttir** **Fanngeir Sigurðsson**
**Unnþór Snæbjörnsson**
**Hlífar Már Snæbjörnsson**
**Alda Snæbjörnsdóttir** **Emil S. Björnsson**
**Þórður Viðar Snæbjörnsson** **Ásdís Auðunsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ODDNÝ SIGRÍÐUR NICOLAIDÓTTIR**
**Hólabergi 82, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 5. mars. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju í Reykjavík, í dag, föstudaginn 14. mars, klukkan 15.00.

**Jónas Guðlaugsson**
**Ingibjörg Jónasdóttir** **Gísli Ólafsson**
**Nicolai Jónasson** **Ásta Bjarney Pétursdóttir**
**Jónas G. Jónasson** **Jóhanna Vélaug Gísladóttir**
**Guðlaugur Jónasson** **Guðrún Axelsdóttir**
**Sigurður Jónasson** **Bjarnþóra María Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, fósturbróðir, afi og langafi,

**ERLINGUR NORÐMANN GUÐMUNDSSON**
**Hörðubóli, Dalabyggð,**

lést laugardaginn 8. mars. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 17. mars kl. 13.00.

**Ragnhildur Beatrice Erlingsdóttir** **Sigurjón Hannesson**
**Kristrún Erna Erlingsdóttir** **Baldur Kjartansson**
**Guðríður Erlingsdóttir** **Stefán Hólmsteinsson**
**Líneik Dóra Erlingsdóttir**
**Guðmundur Erlingsson** **Ninna Karla Katrínardóttir**
**Una Auður Kristjánsdóttir** **Hjalti Samúelsson**
**barnabörn og langafabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## RAGNHEIÐUR UM HELGINA

**Íslenska óperan Ragnheiður eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson hefur hlotið frábæra dóma. Tvær sýningar verða um helgina í Eldborgarsal Hörpu. Með aðalhlutverk fer Þóra Einarsdóttir en Elmar Þór Gilbertsson fer með hlutverk Daða. Óperan er sýnd kl. 20 laugardag og sunnudag.**









**SKEMMTILEG NÝJUNG** Ferskar kryddjurtir og bragðgóðar sósur einkenna þennan rétt. MYND/DANÍEL

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

*HOLTA KYNNIR Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklinga- og rækjubollusúpa með blönduðu grænmeti og spennandi kryddi. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## KJÚKLINGA- OG RÆKJUBOLLUSÚPA MEÐ BLÖNDUÐU GRÆNMETI OG SPENNANDI KRYDDI

**FYRIR 6**

**BOLLUR**

300 g kjúklingahakk
300 g rækjuhakk
1 egg
1 msk. hveiti
1 msk. kartöflumjöl
1 msk. fiskisósa
1-2 msk. ostrusósa
½ chili smátt saxað
1 msk. sítrónugras rifið
1 hvítlauksgeiri saxaður
1 msk. engifer smátt saxað
2 msk. kóríander smátt saxað
¼ tsk. pipar
1 tsk. salt

Allt sett í skál og blandað vel saman. Mótið litlar kúlur úr farsinu.

**SÚPAN**

1½ l vatn
2 msk. kjúklingakraftur
1 msk. ostrusósa
1 msk. fiskisósa
4 msk. sjerrí, má sleppa
1 msk. engifer, smátt saxað
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
½ chili-pipar, smátt saxaður
Fínt rifinn börkur af einu lime og safinn
400 g grænmeti, skorið í bita t.d. gulrætur, sellerí, laukur, paprika og baunir
4 msk. kóríander, smátt saxað

Setjið allt nema grænmeti og kóríander í pott og látið sjóða í 2 mínútur. Bætið þá bollunum í súpuna og látið sjóða í fjórar mínútur við vægan hita. Bætið þá grænmetinu í súpuna og látið sjóða í fjórar mínútur.



Athugið þá hvort bollurnar eru soðnar í gegn með því að skera eina í sundur. Þegar bollurnar eru soðnar er kóríander stráð yfir og súpan borin fram með góðu brauði.












# MIÐALDRA HIPPAR Á VIT ÆVINTÝRANNA

**PRESTAR Á FERÐ** *Hjónin Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson umbyltu lífi sínu og fluttu tímabundið til Bandaríkjanna þar sem þau stunda nú nám. Bjarni kveður embætti sóknarprests Laugarneskirkju næstkomandi haust.*

Prestarnir og hjónin Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson seldu hús sitt og bíla síðastliðið sumar og fluttu vestur til Pasadena í Kaliforníu. Það vekur athygli þegar fólk eins og þau Jóna Hrönn og Bjarni, bæði sóknarprestar, hún í Garðabæ og hann í Laugarneskirkju, rífur sig upp með rótum og heldur á vit ævintýranna. „Við prestar erum svo lánsamir, eins og fleiri starfstéttir, að einu sinni á starfsævinni eigum við kost á níu mánaða námsleyfi,“ segir Jóna Hrönn. „Fyrir nokkrum árum vorum við hjón á ferð í Kaliforníu og þá hétum við því að þegar að okkur kæmi í þessum efnum skyldum við verja tímanum í Suður-Kaliforníu.“ „Hvers vegna að eyða níu námsleyfismánuðum í vondu veðri ef annað er í boði?“ spyr Bjarni.



**FALLEGT UMHVERFI** Hjónin á fjallsbrún ofan við Pasadena með útsýni yfir Los Angeles.

### KEYRT YFIR BANDARÍKIN

Þau hjónin lögðu í hann í lok ágúst í fyrra og byrjuðu á því að keyra þvert yfir Bandaríkin. „Við fórum ekki einföldustu leiðina því við flugum til Boston, stóðum þar í þriggja daga basli við að finna traustan bíl á góðu verði og koma á hann númeraplötu. Mörgum Ameríkananum þykir það fáránlegt að fara akandi yfir Bandaríkin en Íslendingurinn veit að það er draumur sérhvers manns,“ segir Jóna Hrönn og hlær. „Við lögðum leið okkar í stórum boga sunnanvert yfir Bandaríkin og það var einkar upplýsandi að aka úr hverju fylkinu í annað, sjá brag mannlífsins breytast ásamt landslagi og gróðurfari, nema hvað Starbucks og McDonalds hefur sama svipinn alla leið. Við náðum ákvörðunarstað mánuði síðar og komum okkur fyrir í námsmannaíbúð hér við Fuller-háskólann í Pasadena.“

### NEMAR Á NÝ

Jóna Hrönn er gestanemandi við guðfræðideild Fuller-háskóla þar sem hún sækir einkum tíma í sálgæslu- og fjölskyldumeðferð ásamt list- og helgisiðafræðum. Bjarni er gestur við deildina og vinnur að doktorsritgerð í siðfræði. „Í ritgerðinni skoða ég hvaða þættir í menningu okkar valdi og viðhaldi fátækt og vinn hana undir handleiðslu míns íslenska prófessors við guðfræðideild HÍ, dr. Sólveigar Önnu Bóasdóttur,“ segir Bjarni.

### SAMFÉLAG HLUTLEYSIS

Það kostar átak að fara út úr fastmótuðu mynstri og hefja nýtt líf eins og þau Jóna Hrönn og Bjarni gerðu enda tala þau um sjálf sig sem miðaldra hippa. Þeim finnst bandarískur veruleiki vera heillandi vegna þeirrar staðreyndar að það er ekki hægt að alhæfa um hann. „Hér má finna flest það versta og besta í veröldinni og gesturinn skynjar að samtímis því sem fólk temur sér kurteisi við ókunnuga og almennan velvilja þá er hann gjörsamlega á eigin vegum og það horfir enginn á ferðamanninn til þess að vega hann eða meta á nokkurn hátt,“ segir Jóna Hrönn. Bjarni bætir við að í Bandaríkjunum ríki samfélag langþróaðs hlutleysis þar sem kjörorðið er umburðarlyndi og boðorðið er „þú skalt ekki dæma“. „Þetta gerir það að verkum að almenn samskipti ganga vel fyrir sig en ókunnugt fólk tengist ef til vill meira að forminu til en innihaldinu. Jafnvel þótt einhver segi þér frá aðstæðum sínum í strætóskýlinu þá segir hann þér ekki alla sögu sína og fer varlega í að deila skoðunum. Persónuleg gildi eru meira einkamál hér en heima.“



**MARGIR FÁTÆKIR** „Það virðast býsna margir falla niður á milli samfélagsmöskvanna í hinu bandaríska samfélagi,“ segir Jóna Hrönn.



**MEÐ KÓNGINUM** Hjónin rákust að sjálfsögðu á Elvis sjálfan í Nashville á leið sinni um suðurríkin.

### MARGIR STRANDAÐIR Í TILVERUNNI

Jóna Hrönn segir að sér hafi brugðið við, komandi frá norrænu landi, að upplifa ástandið sem ríkir á mörgum strætóbekknum þar vestra þar sem fólk hefur komið sér fyrir og er alls ekki að fara neitt af því að það er svo augljóslega strandað í tilverunni. „Mér virðist áberandi margt af þessu fólki vera með ómeðhöndlaða geðsjúkdóma eða líkamlegar fatlanir og það er enginn að gera þeim gott nema einhver líknarsamtök sem hafa ekki getu til annars en að lina sárasta sviðann. Það virðast býsna margir falla niður á milli samfélagsmöskvanna í hinu bandaríska samfélagi.“

### FLÓKIN ÁKVÖRÐUN OG BREYTINGAR

Miðaldurshipparnir tveir ætla að snúa heim á leið í lok maí og aka þá sem leið liggur yfir miðríkin. „Þar mun vera fagurt landslag og gott mannlíf ekki síður en í suðurhlutanum. Svo þarf að selja bílinn í Boston og koma sér heim til ástvinanna og alls sem skiptir mestu máli. Ég verð komin til starfa í Garðaprestakalli um mitt sumar, er búin að bóka brúðkaup langt fram á haust svo það verða nóg verkefni.“

Hún segir Bjarna vera hippann í sambandinu, en hann ætlar að halda áfram að umvenda lífi sínu. „Ég kem að vísu heim í sumar til þess að þjóna kirkjunni fram á haustið, en ég hef tekið þá flóknu ákvörðun að kveðja embætti sóknarprests í Laugarneskirkju eftir sextán ára þjónustu og einhenda mér í að ljúka doktorsnámi,“ segir hann.

### MÁLEFNI FÁTÆKRA HUGLEIKIN

„Laugarneskirkja hefur bara einn prest í þjónustu og ekki hægt að deila byrðum svo ég verð að velja á milli rannsóknarvinnunnar og þjónustunnar við söfnuðinn. Málefni fátækra á Íslandi hafa legið lengi á mér, núna þykist ég hafa í höndum efni sem geti stutt við samfélagsþroska okkar hvað þetta varðar og ég ætla bara að vanda mig.“

Til hliðar við ritgerðarsmíðina ætlar Bjarni að opna ráðgjafarstofu í samvinnu við son þeirra hjóna, Andra, en hann starfar sem sálfræðingur. „Það verður þó ekki annað en hlutastarf hjá okkur feðgum. Hver veit nema ég skreppi líka í makríl til Vestmannaeyja ef þeir vilja fá mig í Vinnslustöðinni,“ segir Bjarni og brosir.

■ liljabjork@365.is







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
14. MARS 2014

*Mundi Vondi fatahönnuður*
**ÚTIVISTARLÍNA Í SAMSTARFI VIÐ 66°NORÐUR 2**

*Eva Dögg og Anna Sóley í Ampersand*
**DEILA ÖLLU Í FATASKÁPUNUM SÍNUM 4**

*Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður*
**GEFUR STUTT-BUXUR EIÐS SMÁRA 10**



*Tinna Hrafnsdóttir*

## Í LEIKSTJÓRA-STÓLNUM Í FYRSTA SINN

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?** Sylvia Briem Friðjónsdóttir

**Aldur?** 24 ára

**Starf?** Er Dale Carnegie-þjálfari, mynd-mixer á RÚV, viðburðastjóri hjá Ölgerðinni, nemandi í Háskóla Íslands, er í Stúdentaráði Háskóla Íslands og í stjórn Heimdallar.

**Maki?** Ég er í sambandi.

**Stjörnumerki?** Krabbi.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?** Ég fékk mér boozt eins og fyrri daginn. Þetta boozt rífur svolítið í og er eitt af mínum uppáhalds. Það er með gulrótum, engifer, sítrónu, goji-berjasafa, papriku, chia-fræum, próteini og smá cayenne-pipar.

**Uppáhaldsstaður?** Í hornsófanum heima hjá mömmu og pabba finnst mér alltaf gott að vera.

**Hreyfing?** Ég er mjög dugleg að fara í spinning og jóga. Er líka farin að reyna að koma mér í hlaupaform fyrir sumarið. Finnst heldur ekki leiðinlegt að fara í góða göngutúra þegar veður leyfir.

**Uppáhaldsfatahönnuður?** Ég hika rosalega við þessa spurningu. Það eru svo margir sem mér finnst flottir. Það sem er mér efst í huga þessa stundina er Marc Jacobs.

## HVERJIR HVAR?

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi voru afhent við hátíðlega athöfn í Turninum í vikunni þar sem stjórnendur voru verðlaunaðir. **Elínrós Líndal**, forstjóri ELLU, var á meðal verðlaunahafa en það var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhenti verðlaunin. Fjöldi manns mætti eins og **Edda Hermannsdóttir**, Katrín María Káradóttir, Lilja Rúnarsdóttir, Lovísa Tómasdóttir, Særós Mist, Edda Jónsdóttir og Gunnhildur Arnarsdóttir.





# ÚTIVISTARLÍNAN SNOW BLIND ENGU ÖÐRU LÍK

*Mundi Vondi fatahönnuður í samstarfi við 66°Norður hannar nýja línu sem kemur á markað í mars.*

Þemað er svolítið tengt framtíðar-súrrealisma eða þessum heimi sem ég hef verið að vitna í. Þetta er eins konar sjálfstætt framhald af sama söguþræðinum," segir Guðmundur Hallgrímsson fatahönnuður þegar talið berst að samstarfi hans við útivistarmerkið 66°Norður. Nýja fatalínan, Snow Blind, var kynnt á RFF í fyrra og er nú væntanleg í verslanir 66°Norður í mars og verður seld í takmörkuðu upplagi. „Að gera útivistarfatnað er örlítið hægara tækniferli en gengur og gerist. Útkoman er skemmtileg blanda af þessari tækni sem þau nota og minni sýn, sem er meira á brúninni í hönnun," útskýrir Guðmundur, sem gengur undir nafninu Mundi vondi. Mundi flutti til Berlínar í fyrra í von um að uppfylla draum sinn sem tölvuleikjahönnuður. Hann hefur nú stofnað tölvuleikjafyrirtækið Klang ásamt öðrum og segist ætla að taka sér örlitla pásu frá fatahönnuninni. Þrátt fyrir það tekur hann þátt í hönnunarsýningunni The Weather Diaries í Frankfurt ásamt fleiri íslenskum hönnuðum. Sýningin verður haldin í mars.





Mundi vondi fatahönnuður er sáttur við samstarfið við 66°Norður.








# FÖRÐUN UNG STJARNA Í MAKE-UP-HEIMINUM

***Birta Hlín Sigurðardóttir er upprennandi förðunardama. Áhuginn á förðun er geysimikill og því gerir hún myndbönd í frítíma sínum fyrir ungar stúlkur sem vilja læra tæknina.***

„Mér finnst svo gaman að snyrtivörum og að mála að ég ákvað að gera myndbönd sem eru orðin nokkur núna. Ég hef fylgst með myndböndum á YouTube og svo eru mamma og Helga Gabríela systir mín búnar að kenna mér svo mikið," segir hin 14 ára Birta Hlín Sigurðardóttir. Birta Hlín stundar nám í Lindaskóla í Kópavoginum og áhugamálin eru að syngja, dansa og spila á píanó. Förðunarhæfileikana á hún ekki langt að sækja, en móðir hennar, Margrét R. Jónasardóttir, er förðunarmeistari og rekur Make Up Store-verslunina í Smáralind. Margrét segir að dóttirin hafi haft áhugann lengi og að hún sé mjög fær með penslana. Hún sé þó hógvær í að farða sjálfa sig en setji einungis smávegis á sig við sparileg tækifæri. „Hún á það til að æfa sig hér heima og taka upp myndbönd en svo fjarlægir hún allan farðann af sér áður en hún fer út. Ég tel það nokkuð mikilvægt, þegar ungar stelpur eru að byrja að farða sig, að þær læri að gera þetta þannig að þetta sé fallegt og vel gert."




Birta Hlín Sigurðardóttir hefur nú stofnað sína eigin youtube rás og safnar fylgjendum.



Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Valgarður Gíslason**

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Knoll

**CHADWICK STÓLLINN SAMEINAR FALLEG FORM OG HÁMARKSÞÆGINDI.**

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Tilboðsverð:**
**138.800kr***
**Fullt verð: 198.500kr**



**HÖNNUÐUR: DON CHADWICK**

# FATASKÁPURINN BÓHEM-TRENDY VINKONUR

***Eva Dögg Rúnarsdóttir og Anna Sóley Viðarsdóttir reka verslunina Ampersand í Kaupmannahöfn og deila nánast öllu í fataskápunum sínum.***



Við erum náttúrulega eþnískar Afríkudrottningar í hjartanu og elskum að setja á okkur stóra túrbana og ætlum að eyða mest öllu sumrinu í lausum silkikjólum. Þessa afró-mömmukjóla tók Eva með sér frá Bandaríkjunum. MYNDIR/HILDUR MARÍA

„Við deilum náttúrulega fataskápunum okkar alveg. Það er þess vegna oft heppilegt að við búum hlið við hlið. Þá er hægt að kasta út um gluggann ef einhver þarf nauðsynlega eitthvað ákveðið," segja þær stöllur í kór. Það vill oft verða svo að við hittumst óvænt og erum óvart í stíl, það gerist reyndar svolítið oft, enda erum við alltaf í sama orkusviði. Reyndar er Anna Sóley rosalega léleg að klæða sig eftir veðri svo oft er hún kannski ekki alveg í réttum gír. Hún er oft í sokkabuxum og sokkum á sumrin þegar Eva er löngu búin að átta sig á að það er 30 stiga hiti úti. Við erum svo auk þess miklar þemadrottningar og erum oft með ákveðinn innblástur í gangi þegar við erum að klæða okkur. Ef við erum að fara eitthvert saman þá erum við alltaf með einhvers konar þema í gangi.



1 **Kimono úr Ampersand og Minimarket-skórnir** Sænska merkið Minimarket er einnig í miklu uppáhaldi hjá okkur og þá sérstaklega þessir himinháu pumps sem við eigum í fleiri týpum og jafnvel tvenna af hverjum. Þessi heiðblái kimono er líka bara svo flottur. Bæði yfir kjóla og svo líka bara við gallabuxur og bol.



2 **Prinsessukjólarnir** Andersen & Lauth-kjólarnir eru náttúrulega bara svo dásamlegir. Það er kannski ekki alltaf tækifæri fyrir perlupalllíettuæði en þegar tækifærið gefst þá eru þeir fullkomnir. Eva notaði til dæmis annan þeirra við þann stórmerka atburð þegar frumburðurinn var skírður. Annan kjólinn fékk Anna Sóley í afmælisgjöf þegar hún vann fyrir Andersen & Lauth og hinn var bara ómissandi.



3 **Wackerhaus-deilikápan frá Ampersand** Wackerhaus-ullarkápan bíður svo eftir því að eignast laxableika systur með vorlínunni þeirra sem að er að detta inn um dyrnar hjá okkur. Þetta er bara kápa sem maður verður að eiga í fleiri litum og síddum. Hún hefur verið notuð nánast daglega af annarri hvorri okkar síðan hún komst í okkar hendur.



4 **Date-outfitt-ið** Nude-kjóll við rokkstjörnujakka. Kjóllinn er frá sænska hönnuðinum Ann Sofie Back. Hálsmenið er keypt í Beacons Closet í Williamsberg, Brooklyn. Við höfum báðar farið í þetta þegar við ætlum virkilega að töfra og sjarma vegna þess að leðurjakkinn gefur kjólnum töffaratvist. Jakkinn fannst í yndislegri vintage-búð á LES í NYC fyrir 14 dollara.

5 **Ferðasettið okkar** 100% sustainable dönsk hönnun úr bambus. Þetta dásamlega sett frá danska lífræna merkinu Underprotection hefur ferðast víða því það er auðvitað mikilvægt að vera bæði smart og þægilega klædd þegar þú ferðast. Þess vegna hefur þessi lífræni bambus orðið fyrir valinu þegar við erum á ferðalagi.





6 **Ponsjó úr íslenskri ull** Mamma hennar Evu prjónaði þetta ævintýralega ponsjó. Við mátuðum það og leið strax eins og við værum komnar inn í mitt ævintýri. Það er einhver svona nútíma Rauðhettu/Þyrnirósarfílingur í því.






7 **Skósafnið** okkar eftir Evu fer ört stækkandi. Þeir eru sannarlega hluti af sögunni og munu alltaf taka mikið pláss í skóskápunum okkar. Enda finnast ekki fallegri og þægilegri skór.


Fylgstu með á
Facebook Lindex Iceland
Væntanlegt 19.mars
Edited by
Kate Hudson
Pils,
4995,-
LINDEX

# TINNA HRAFNSDÓTTIR

## DRAUMURINN VARÐ AÐ VERULEIKA

***Tinna Hrafnsdóttir hefur verið umkringd leiklist meira og minna allt sitt líf. Nú er hún önnum kafin við að kenna leiklist og að leikstýra sínu fyrsta verki í Tj apríl. Það var engin tilviljun að þetta leikverk varð fyrir valinu en það fjallar um málefni sem hún sjálf hefur sára rey***



**NAFN** Tinna Hrafnsdóttir

**ALDUR** 38

**STARF** Leikkona, leikstjóri, framleiðandi, leiklistarkennari

**HJÚSKAPARSTAÐA** Í sambúð

**BÖRN** Tvíburar og þrjú fósturbörn.

Áhuginn á að leikstýra hefur blundað í mér frá því ég hóf nám í Leiklistarskóla Íslands. Ég ákvað að stíga skrefið til fulls þegar nýlega rak á fjörur mínar leikverk sem fjallar um málefni sem ég þekki vel af eigin raun. Að setja upp þetta leikrit gefur mér tækifæri til að beina athygli fólks að ákveðnum hluta veruleikans sem margir þekkja ekki en er þó aðstæður sem fjölmargir þurfa að glíma við, og mun fleiri en fólk almennt gerir sér grein fyrir,“ segir Tinna Hrafnsdóttir þegar talið berst að nýja leikverkinu Útundan, sem er frumraun hennar í leikstjórastólnum. Hún segir leikverkið hafa fengið sterk viðbrögð og góða dóma í Bretlandi þegar það var frumsýnt þar fyrir um það bil tveimur árum. Tinna fékk til liðs við sig nokkra leikara sem hún heldur upp á og segist afar þakklát fyrir þátttöku þeirra og það traust sem þeir bera til hennar.

### Var hugfangin af verkinu

Leikhópinn Útundan mynda þau Arnmundar Ernst Backman, Benedikt Karl Gröndal, Björn Stefánsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Magnús Guðmundsson, María Heba Þorkelsdóttir og Svandís Dóra Einarsdóttir.

„Þau voru tilbúin til að taka þátt í þessari uppsetningu með mér þótt ég hefði nánast ekkert fjármagn milli handanna. Leikverkið höfðaði sterklega til þeirra enda einstaklega vel skrifað. Það hefur því sannarlega verið mjög gaman og lærdómsríkt að leikstýra þessum frábæra hópi og ég bíð spennt eftir frumsýningunni,“ segir hún brosandi.

Verkið fjallar um viðkvæmt málefni sem hrjáir mörg pör en sjálf var Tinna og sambýlismaður hennar að kljást við barnleysi í mörg ár.

„Sagan snerti mig en í leikritinu er skyggnst inn í líf þriggja para á fertugsaldri sem þrá að eignast barn en tekst það ekki. Þau leita ýmissa leiða til að láta drauminn rætast og standa frammi fyrir margs konar erfiðum spurningum. Þetta er áhrifamikið og nærgöngult leikrit um sársaukann, örvæntinguna og vonina þegar það eðlilegasta og náttúrulegasta af öllu í lífinu er orðið heitasta óskin, fjarlægur draumur, takmark sem kannski mun aldrei nást. Ég er sannfærð um að þetta verk láti engan ósnortinn.“

### Tilveran hættir ekki að vera grátbrosleg

„Ég veit að margir eiga eftir að finna sjálfa sig í verkinu. Ekki bara fólk sem hefur þurft að kljást við barnleysi heldur líka fólk sem hefur þurft að mæta hindrunum í lífinu og takast á við mótlæti. Það að þurfa að hafa fyrir hlutum sem aðrir upplifa auðvelda og jafnvel sjálfsagða knýr okkur til að staldra við og hugsa hvað það er sem raunverulega skiptir máli,“ segir Tinna og skellir fram spurningum, hvort það sé vinnan, frami, peningar eða tækifæri.

„Eða er það kannski sú frumþörf mannsins að búa sér til hreiður, stofna fjölskyldu og eignast börn? Ef svo er, hvað er maður tilbúinn til að leggja á sig fyrir það? Getur ástin ein og sér nægt til að varðveita samband fólks ef draumurinn um að eignast barn saman verður ekki að veruleika? Hvernig fer fyrir ástinni frammi fyrir slíkum erfiðleikum og vonbrigðum?“

Tinna talar af reynslu og hefur fyrir löngu svarað þessum spurningum sjálf. Hún þráði að verða móðir og var ekki tilbúin að gefast upp á draumnum. Hún segir að þrátt fyrir að barnleysi geti valdið gífurlegu álagi á líf fólks og haft afdrifaríkar afleiðingar á sambönd þess og líðan þá hætti tilveran ekki að vera fáránleg, grátbrosleg og jafnvel fyndin.

### Tabú að ræða um barnleysi

Umræðan um barnleysi er ekki opinská hér á landi en Tinna segir að staðreyndin sé sú að í hinum vestræna heimi sé eitt af hverjum sex pörum að kljást við erfiðleika við að geta barn og fari vandamálið vaxandi.

„Það er erfitt að fullyrða hvort lífsstíll nútímamannsins sé helsta ástæðan, en til að mynda einkennist líf okkar í dag af gríðarlegri notkun á ýmiss konar gerviefnum sem hjálpa ekki til. Við berum þau á okkur, innbyrðum þau og umgöngumst alla daga. Það sem eldri kynslóðir kölluðu mat köllum við lífrænan mat og sú vara flokkast í dag nánast undir munað. Það er dýrt að velja hollustuna. Markaðshyggjan færir okkur smátt og smátt fjær náttúrunni og það hefur slæm áhrif á eðlilega starfsemi líkamans. Það er kominn tími til að vekja athygli á þessari þróun, sérstaklega þar sem þetta er mjög viðkvæmt mál í lífi fólks og fáir vilja tjá sig um. Hugarfarsbreyting þarf að eiga sér stað. Við eigum að þora að tala um allar hliðar tilverunnar og þá getur máttur listarinnar og leikhússins hjálpað til við að opna umræðuna.”

### Gaf aldrei upp vonina um að verða móðir

„Við sambýlismaður minn háðum sjálf langa baráttu við ófrjósemi. Eftir að hafa reynt að eignast barn í fimm ár með hjálp tæknifrjóvgunar tókst mér loksins að verða ófrísk og nú eigum við tvo yndislega tveggja ára tvíburadrengi sem ég þakka fyrir á hverjum degi. Þessi reynsla kenndi mér margt og setti hlutina í nýtt samhengi. Í baráttu sem þessari er mikilvægast af öllu að halda í vonina. Ég vildi trúa því að þetta myndi takast. Það var eitthvað sem sagði mér það, en um leið nærðist ég á sögum af pörum sem höfðu glímt við langvarandi ófrjósemi og á endanum náð að eignast barn saman. Ég er enn að kljást við ófrjósemi. Ég verð ekki ófrísk á náttúrulegan hátt og hef þurft að læra að lifa með því. Ég þarf að sætta mig við það hlutskipti að þurfa utanaðkomandi hjálp, án þess að upplifa mig óæðri, minnimáttar eða útundan. Ég vona því að saga mín veiti öðrum von sem eru í þessum sporum nú.“

### Draumur að fá tvö börn í einu

Eftir fimm ára bið varð Tinna

arnarbíói sem frumsýnt verður í
nslu af, að berjast við barnleysi.

*Í baráttu sem þessari er mikilvægast af öllu að halda í vonina. Ég vildi trúa því að þetta myndi takast, það var eitthvað sem sagði mér það – en um leið nærðist ég á sögum af pörum sem höfðu glímt við langvarandi ófrjósemi og á endanum náð að eignast barn saman.*

ófrísk af tvíburum og segir það stórkostlegt hlutskipti að vera tvíburamamma. „Mitt æðsta takmark er að reynast drengjunum okkar góð mamma og mér er það kannski sérstaklega hugleikið þar sem ég þurfti að bíða svo lengi eftir þeim. Þeir eru á góðum leikskóla á vegum Hjallastefnunnar og á meðan þeir eru þar sinni ég leiklistinni. Leikhúsheimurinn er þannig að maður þarf oft að skapa sér verkefni sjálfur, sýna frumkvæði og fá aðra í lið með sér. Sú staða getur falið í sér spennandi áskorun. Mig langar til að halda áfram að skapa, leika meira, leikstýra meira og skrifa meira – og þá ekki bara fyrir skúffuna. En eitt í einu. Allt tekur sinn tíma og hefur sinn tíma. Ég trúi því að flest allt hafi tilgang. Við erum hér til að læra. Sjálf hef ég ákveðið að reyna að nýta mína reynslu til að verða betri manneskja og með listsköpun leggja mitt af mörkum til að sýna að lífið er eins og það er – flókið, erfitt og sársaukafullt en um leið fallegt og stórkostlegt.“

### Meiri leiklist á döfinni

Fram undan eru fleiri skemmtileg verkefni. Nýlega fékk Tinna ásamt leikkonunum Elmu Lísu Gunnarsdóttur og Maríu Hebu Þorkelsdóttur, styrk frá menntamálaráðuneytinu til að sviðsetja nýtt leikverk eftir Auði Övu Ólafsdóttur rithöfund.

„Það verður sett upp á næsta leikári en hvar og hvenær hefur enn ekki verið ákveðið. Í þeirri sýningu verð ég í hópi leikaranna og hlakka mikið til. Mig grunar þó að leikstjórinn í mér muni halda áfram að reyna að finna leiðir til að láta til sín taka. Ég er líka með ýmis verkefni í bígerð, tengd kvikmyndabransanum, sem munu kannski finna sér farveg seinna ef tími gefst til.“

## Myndaalbúmið






Partur af leikhópnum í Útundan. ● Tinna með barnsföður sínum, Sveini Geirssyni, og sonum sínum, Starkaði Mána og Jökli Þór. ● Tinna var tilnefnd til Eddunnar fyrir hlutverk sitt í Veðramótum, kvikmynd eftir Guðnýju Hallsdórsdóttur. ● Hilmir Snær er með henni á myndinni.



# HÖNNUN FÖT ERU MÍN ÁSTRÍÐA

*Gúrý Finnbogadóttir fatahönnuður selur hönnun sína á Asos Marketplace.*



„Núna hafa opnast nýjar dyr fyrir mér en mín ástríða hefur alltaf verið í fatahönnun. Það er eitthvað sem ég veit og kann. Ég hef rosalega mikinn áhuga á skarti en fötin eru númer eitt hjá mér,“ segir **Gúrý Finnbogadóttir** fatahönnuður, sem hefur nú fengið tækifæri til að selja hönnun sína á Asos Marketplace. Gúrý býr í Kaupamannahöfn ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum. Saman hafa þau hjónin rekið hönnunarfyrirtæki með sínum eigin merkjum sem nefnast Breki, Zero6 og gury. „Nú höfum við flutt verkstæðið okkar og höfum umkringt okkur með hæfileikaríku fólki sem bendir okkur í réttar áttir,“ segir Gúrý og bætir við að vinnan á bak við eigin framleiðslu og hönnun hafi verið heilmikil. „Ég lagði ótrúlega mikla vinnu í að finna réttu efnin þegar ég bjó í Víetnam og gekk sjálf á milli efnamarkaða með börnin með mér. Það er erfitt að koma af stað netverslun þegar fólk þekkir ekki merkið svo ég ákvað að gera þetta alveg upp á nýtt og vinna með nýrri fyrirsætu og nýjum ljósmyndara. Nú loksins lítur þetta út eins og það á vera og fram undan eru spennandi tímar,“ segir hún. Nánar um hönnun Gúrý á marketplace. asos.com undir nafninu gury.







*Einstaklingar og fyrirtæki þurfa að fara í gegnum ákveðið ferli til þess að fá leyfi til þess að selja vörur sínar í gegnum Asos Marketplace. Myndirnar þurfa einnig að uppfylla sérstakan gæðastaðal.*






# BARNAFÖT FANN SIG Í SAUMASKAPNUM

*Brynja Dögg Gunnarsdóttir saumar og hannar barna- og dúkkuföt í stíl undir merkinu Agú.*



„Konurnar í kringum mig hafa alltaf saumað. Amma mín var kjólameistari, mamma var dugleg að sauma og tengdamamma mín heitin kenndi mér mikið. Ég er sjálf rosalega hrifin af íslenskri hönnun og þykir þetta rosalega gaman,“ segir Brynja Dögg Gunnarsdóttir sem saumar barnaföt undir nafninu Agú. Í byrjun árs 2012 var hún ólétt að dótturinni sem hún segir að hafi verið upphafið að saumaævintýrinu. „Mig langaði bara að sauma á hana en svo fóru mér að berast óskir um að sauma á önnur börn og fljótlega vatt þetta upp á sig. Í dag sauma ég eftir pöntunum og hef vart undan,“ útskýrir hún. Brynja Dögg greindist með MS-sjúkdóminn ung að aldri og segir það hafa breytt lífinu mikið. Hins vegar hafi saumaástríðan gert það að verkum að hún stjórnar vinnutímanum eftir eigin hentugleikum.

Ásamt barnafötunum hafa dúkkuföt verið vinsæl en mögulegt er að óska eftir fötum á dúkkuna í stíl við barnið.

*Nánar um barnavörunar á Facebook-síðunni Agú.*

AUGLÝSING: HREINSANDI KYNNIR

# VEISTU Á HVERJU ÞÚ SITUR?

**Hefurðu velt fyrir þér í hversu óhreinum stólum þú situr í dagsins önn og lífi og leik? Hvað leynist í stólunum? Skítugir stólar öðlast nýtt og ferskt líf í meðförum djúphreinsunar Hreinsanda. Þar er líka hægt að fjarlægja hvimleiða ólykt og myglugró.**

„Það er alltof algengt að fólk hendi gömlum stólum af því einu að þeir eru orðnir sjúskaðir af óhreinindum. Með djúphreinsun verða þeir eins og nýir og hægt að lengja líftíma þeirra um tugi ára," segir Daníel M. Einarsson, eigandi Hreinsanda.

Vönduð vinnubrögð eru í hávegum höfð hjá Hreinsanda sem veitir fyrirtækjum, skólum og stofnunum trausta og góða þjónustu við hreinsun stóla.

„Við djúphreinsum fundar- og skrifstofustóla fyrir fyrirtæki, vinnurými, sali, biðstofur og því um líkt," segir Daníel og bætir við að ekki þurfi alltaf að kaupa nýja stóla.

„Með hreinsun stólanna sem fyrir eru má lengja endingartíma þeirra um árafjöld. Nýr stóll kostar minnst tugi þúsunda á meðan djúphreinsun á stól kostar aðeins fimm þúsund krónur og því hægt að hreinsa hann nokkrum sinnum fyrir andvirði nýs stóls. Það munar um minna."

Daníel ráðleggur reglulega hreinsun á stólum, ekki sjaldnar en á fimm til sjö ára fresti.

„Eftir því sem tíminn líður verður erfiðara að ná blettum og óhreinindum úr áklæði. Óhreinindi sem sitja í stólum eyða upp áklæði og svampi en hreinn stóll heldur sér betur. Reikna má með tíu ára endingu stóls sem er aldrei hreinsaður en þrjátíu ára líftíma sé hann hreinsaður með reglulegu millibili."

### Setið í skítugum stólum

Daníel vill almenna vakningu á óhreinum húsgögnum í fyrirtækjum og almenningsrýmum.

„Ég á stundum erindi í skólana og sit þar yfirleitt á haugskítugum stólum. Skólarnir búa við skert fjármagn og ráða illa við kaup á nýjum stólum enda algjör óþarfi þar sem hægt er að gera gömlu stólana eins og nýja með djúphreinsun."

Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að átta sig á hversu skítugir stólar verða eftir aðeins fárra ára notkun.

„Því miður eru stólar í almenningsrýmum látnir standa óþrifnir árum saman og svo er kannski þurrkað létt af yfirborðinu þannig að óhreinindi halda áfram að safnast í stólana og eyðileggja efnið. Því er bæði góð forvörn og mikill sparnaður í því að láta djúphreinsa stólana með reglulegu millibili," segir Daníel.

„Sennilega hugsa fáir út í á hverju þeir sitja eða hversu lengi óhreinindi hafa safnast fyrir í stólum. Tökum sem dæmi biðstofustóla heilsugæslu og sjúkrahúss; hversu mikið af sýklum innihalda þeir? Eða þá kvikmynda- og leikhúsin, þar sem þúsundir gesta sitja í hverjum stól á hverju ári og ekki allir nýbúnir að baða sig eða í nýþvegnum fötum. Því hlýtur að vera allra hagur að hafa stólana hreina og snyrtilega og vitaskuld góð tilfinning að vita fyrir víst að maður halli höfði sínu að hreinu stólbaki."



Daníel M. Einarsson, eigandi Hreinsanda, segir góða forvörn og mikinn sparnað felast í því að djúphreinsa óhreina stóla enda lengist ending þeirra um áratugi með góðri umhirðu og hreinsun. MYND/GVA

### Hreinsa ólykt og myglugró

Verkefni Hreinsanda eru fjölbreytt og aðstaða til hreinsunar fyrsta flokks.

„Það er bæði auðvelt og þægilegt að láta Hreinsanda djúphreinsa stóla í stórum stíl því við tökum inn tugi stóla í einu og lánum út nýja stóla á meðan hreinsun fer fram. Við notum eingöngu djúphreinsiefni sem fara vel með efnivið húsgagna og rökum hnökra úr áklæði eftir þörfum. Þá flýtir þurrkklefi og hitablástur fyrir þurrkun áklæðis og þótt við hreinsum aðallega í húsnæði Hreinsandi getum við einnig komið á staðinn og hreinsað fastar sætaraðir," upplýsir Daníel.

Hreinsandi djúphreinsar einnig húsgögn og rúmdýnur fyrir heimili og hótel og ber á viðarverk húsgagna til að gefa þeim ferskt útlit.

„Nú færist í aukana að fjarlægja myglugró úr húsgögnum og við fjarlægjum alla myglu, gró og mölflugur sem safnast fyrir í dýnum. Það gerum við í sérstökum súrefnisklefa því myglugró nást ekki úr nema með þannig tækni," útskýrir Daníel.

Hreinsandi fjarlægir líka hvimleiða ólykt úr húsgögnum og bílum.

„Komi upp brunatjón getum við hreinsað burt reykjarlykt og í 90 prósent tilfella getum við fjarlægt reykingastybbu úr bílum."

Hreinsandi er á Eldshöfða 1. Sjá nánar á www.hreinsandi.is



Óhreinir stólar öðlast nýtt og ferskt líf eftir djúphreinsun. Munurinn er sláandi, eins og sjá má.

## Hvað segja viðskiptavinir?

*„Ég var búin að ákveða að henda stólnum en ákvað að láta á það reyna hvort hægt væri að hreinsa hann, enda hefur stóllinn tilfinningalegt gildi fyrir mig. Það er skemmst frá því að segja að stóllinn er eins og nýr eftir meðferðina hjá Hreinsanda og ég gæti ekki verið ánægðari."*

***Dagný Karlsen***
*ánægður viðskiptavinur.*

*„Hreinsandi hefur þrifið stóla Hörpu, Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík og hefur það samstarf gengið mjög vel. Það er mikið álag á stólum Hörpu og hefur Hreinsandi staðist allar kröfur okkar og getum við mælt með þjónustu þeirra.*

***Sunna Hrönn Sigmarsdóttir***
*fasteignastjóri Hörpu.*

*„Það er skemmst frá því að segja að eftir að hafa fengið sófasettið úr hreinsun hjá Hreinsanda mundum við hjónin hvernig settið hafði litið út í upphafi. Svo góður var árangurinn."*

***Þór Másson***
*ánægður viðskiptavinur.*



Dagný Karlsen með gullfallegan stólinn sem orðinn er eins og nýr eftir djúphreinsun hjá Hreinsanda.






# DIY-FATAHENGI FYRIR HEIMILIÐ

Flest heimili hafa þörf fyrir fatahirslur og fatahengi en gjarnan reynist það erfitt að koma því fyrir vegna plássleysis. Buddan hefur einnig stundum þurft að blæða. Lífið tók saman skemmtilegar hugmyndir sem gætu veitt lesendum innblástur. Hvítmáluð trjágrein getur reynst nytsamleg og jafnvel hjólið sem þarf að finna pláss fyrir.

***Hengdu sterka trjágrein upp í loftið og settu herðatrén á hana.***











Stuttbuxur Eiðs Smára sem Auðunn Blöndal selur nú á uppboði hjá Bland.is

# MOTTUMARS FRÆGIR GEFA NOTAÐAR NÁTTBUXUR OG ÍÞRÓTTASKÓ

***Auðunn Blöndal, Ívar Guðmundsson og Arnar Grant eru meðal þeirra sem leggja til Mottumars og gefa persónulega muni sem seldir eru á sölutorgi Blands.***

„Það sem ég ætla að gefa eru náttfötin mín. Ég er með Andrés Önd-bol, sem ég er alltaf í heima, og það er tími til kominn að kveðja hann, enda að verða fertugur og svo er ég með stuttbuxur sem ég stal hjá Eiði Smára þegar hann var í Chelsea," segir Auðunn Blöndal í myndbandi á Blandi sölutorgi í tilefni af Mottumars. Nú hafa þekktir karlmenn lagt málefninu lið og gefið Krabbameinsfélaginu persónulega muni sem seldir eru hæstbjóðanda á sölutorgi Blands. Auðunn segir málefnið snerta sig því afi hans og nafni kvaddi þennan heim of snemma þegar hann lést úr krabbameini. Útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson hefur einnig ákveðið að gefa íþróttaskó sem hann notaði í Wipeout-keppninni og Arnar Grant gefur bol sem hann notaði þegar hann sigraði í fitness-keppni.



***Gítarinn úr Málmhaus, hlaupagræjur frá Pétri Jóhanni og fleira er hægt að kaupa.***





# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

## Þú getur unnið draumavinning að verðmæti 2.000.000 kr*




*100.000 danskar krónur

### 1. Safnaðu punktum:

Kauptu Libresse dömubindi, þú finnur kóða með því að skafa miðann á pakkanum.
Skráðu þig á **www.libresse.dk** og um leið ertu orðin þátttakandi og hefur unnið þér inn 50.000 punkta.
Þú getur einnig halað niður Libresse leiknum í símann þinn eða tölvuna og nælt þér í viðbótarpunkta.

### 2. Hver er þinn draumavinningur?

Skrifaðu um þína villtustu drauma, hvað þú vilt í vinning?
Langar þig til dæmis að eignast 100 pör af rauðum skóm eða fara í reiðtúr á strút um svörtustu Afríku?
Farðu á Libresse síðuna og skrifaðu magnaða lýsingu (á ensku eða dönsku) á því hvað þú vilt vinna og afhverju!

### 3. Láttu velja þig

50 þátttakendur með flesta punkta á hverju svæði* komast í úrslit.
Dómnefnd velur síðan vinningshafa eftir skrifum þeirra um villtustu draumana.
*Ísland, Danmörk, Færeyjar og Grænland sama svæðið

### Vinningar

1. 100.000 DK til að uppfylla drauminn þinn
2. Gjafabréf að upphæð 10.000 DK frá gavekortet.dk

3.-5. Gjafabréf að upphæð 2.000 DK frá gavekortet.dk






Allar nánari upplýsingar á ojk.is

**facebook**



**Fashionista**
**Facebook.com/FashionistaOfficial**

Síða á vegum heimasíðunnar Fashionista.com sem einblínir allra helst á fréttaflutning úr tískuheiminum. Ef þú vilt fá tískufréttir beint í æð skaltu láta þér líka við þessa síðu á samskiptamiðlinum vinsæla.

**Pinterest**





**Diy refashion**
**Pinterest.com/diyrefashion/diy-nails/**

Ef þú hefur gaman af því að lakka neglurnar er þessi Pinterest-síða eitthvað fyrir þig. Hugmyndir að alls kyns naglaskreytingum og munstur sem eru hvert öðru flottara. Ýtarlegar leiðbeiningar fylgja með flestum munstrunum svo það ætti að vera á færi flestra að herma eftir.

**Instagram**



**Interior for you**
**Instagram.com/interiorforyou**

Flott síða fyrir áhugfólk um innanhússhönnun. Nýjar myndir af fallegum heimilum og munum á hverjum degi þar sem hinn svart-hvíti skandinavíski stíll er ríkjandi.

## BLOGGARINN TÍSKUSINNAÐUR INNANHÚSSHÖNNUÐUR

**Aimee Song**
**Songofstyle.com**

Aimee Song er innanhússhönnuður og vinsæll tískubloggari og er búsett í Los Angeles. Song flakkar um heiminn klædd nýjustu tísku og veitir lesendum innsýn í lífsstíl sinn undir sólinni í Kaliforníu. Flottar myndir af stúlku með skemmtilegan stíl sem veitir innblástur.









# KEYPT & SELT

## Til sölu



**HUMAR - 2.600 KR.KG.**

Fiskikóngurinn Sogavegi 3 & Höfðabakka 1. Sími 587 7755 - www.fiskikongurinn.is



Til sölu alsjálfvirk kaffibaunavél sem beintengd er við vatn. Lagar kaffi, kakó, kaffi latté, cappuccino, sviss mokka og latte machiatto. Vél í toppstandi og lítur vel út. Verð: 85.000 kr. Upplýsingar í síma 898-2130

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Skúfhólkar óskast**

**Kaupum gamla skúfhólka.**

**Fríða frænka gsm. 8642223**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.



**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Glæsileg nuddstofa Aqua Spa sem er í Grafarvogi býður alla velkomna. Ekki erótískt nudd s: 587 0191

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**GEFINS Á GOTT HEIMILI !**

Þetta er hann Max, hann er kóngapúðla og 5 ára gamall. Honum vantar nýtt heimili hjá einhverjum sem er góður og hefur tíma fyrir hann. Áhugasamir hafi samband við Brynjar í síma 896-6151

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**

Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

Til leigu er 90 fm íbúð í eyjum, yfir shellmót eða goslok. Einnig til leigu einbýlishús í Súðavík yfir páskana. s:8958582

## Húsnæði óskast

**ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐ**

Óskar eftir lítilli studíó íbúð í miðbæ Rvk. frá 1. maí 2014 til 1. maí 2016. Greiðslug. 90-100þús. Uppl. í s. 6593366.

59 ára konu vantar strax 2ja herb. íbúð með GEYMSLU. Fyrir 1. apríl, langtímaleiga. Uppl. i s. 5514421/6634421

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR**

65m2 og 105m2 snyrtileg rými á fyrstu hæð, bæði með sérinngangi. Hentar fyrir t.d. heildverslun eða snyrtileg verkstæði. Nánar á leiga. webs.com. Sími 898 7820

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**NONNABITI**

Starfsmaður óskast í Reykjavík í 100% vinnu. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára.

**Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á staðnum.**

**LEBOWSKI BAR / AÐSTOÐ Í ELDHÚS**

Óskum eftir aðstoðarmanni í eldhús við að elda og afgreiða bestu hamborgara í heimi. Sumarvinna einnig í boði. Umsóknir sendist á: info@lebowskibar.is

## til sölu

**FYRIRTÆKI/REKSTUR TIL SÖLU**

**á besta stað í 101**

**Húsnæðið getur nýst undir annað**

**Upplýsingar veitir Agnar Agnarsson 820 1002**

## fasteignir

**109 Reykjavík** — **Kleifarsel 61**



**Einbýlishús**

- Fallegt einbýlishús samtals 227,4 fm
- Eign sem hefur verið vel við haldið
- Fimm svefnherbergi
- Barnvænt hverfi
- Bílskúr

Verð: **59,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**




# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

**Heitar kynlífsögur**
905-2002 • 535-9930

**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

## skemmtanir




**Cafe Catalina**

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

**"Best geymda leyndarmál Kópavogs"**

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**LAUGARDAGURINN 15. MARS**
12:35 HULL CITY - MAN. CITY
14:50 EVERTON - CARDIFF CITY
14:50 STOKE CITY-WEST HAM UNITED

**SUNNUDAGURINN 16. MARS**
13:20 MAN. UNITED - LIVERPOOL
15:50 TOTTENHAM - ARSENAL



**FÖSTUDAGSKVÖLD:**

**RÚNAR ÞÓR ÁSAMT REYNI GUÐMUNDS, RÚNARI VILLA OG SIGGA ÁRNA.**

**VESTFIRÐINGAR FJÖLMENNIÐ!**

**Allir velkomnir**

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu



| KL. 19:45
**Spurningabomban**
Logi Bergmann fær til sín frábæra gesti í þessum stórskemmtilega spurningaþætti.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

| KL. 19:20
**The Simpsons**
Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.



| KL. 20:35
**Dark Knight Rises**
Spennumynd með Christian Bale, Tom Hardy og Anne Hathaway í aðalhlutverkum.



BÍÓ | KL. 22:00
**Hitchcock**
Stórmynd með Anthony Hopkins, Helen Mirren og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum.



| KL. 20:40
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



| KL. 21:25
**Grimm**
Spennandi þáttaröð um persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra sem hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 1 | 5 | | | 3 | |
| | 2 | 6 | | 4 | 7 | | 5 | |
| | 7 | | | | 9 | 1 | | |
| 3 | | | 4 | 2 | 5 | | | |
| 2 | | | | | 1 | | | |
| | | | 7 | | 3 | | | |
| | 6 | | | | 8 | 5 | 1 | |
| 4 | 1 | 9 | | | 2 | 8 | | |
| | | 5 | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 9 | | | | | | |
| | 8 | 3 | | | | | 1 | 4 |
| | | | 5 | 8 | | | | 9 |
| 8 | 7 | 5 | 9 | | | 1 | | |
| 9 | 1 | | | | 7 | | | |
| | | 6 | | 2 | 5 | | | 7 |
| | | 7 | | | 4 | 9 | 6 | |
| 4 | | | 2 | | | | | 5 |
| | | | | | 9 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 7 | 8 | 6 | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | 3 | | | 9 | 6 | 1 | 8 | |
| 8 | | 9 | | 1 | 7 | | | |
| | | | 5 | | | 4 | | |
| | 4 | | | | | 7 | | |
| | | | | | | 3 | 6 | |
| 5 | | | | | 2 | | 7 | |
| | | | 8 | | 4 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 4 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 8 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 5 | 6 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 |
| 9 | 6 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 3 | 4 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 |
| 6 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 9 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 |
| 8 | 3 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 | 1 |
| 9 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 9 | 7 | 6 | 1 | 3 |
| 3 | 7 | 6 | 4 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 |
| 1 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 |
| 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 |
| 3 | 6 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 9 | 7 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 7 | 6 | 5 | 3 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Verið hugrökk. Takið áhættu. Ekkert kemur í staðinn fyrir reynslu.“**

*Paulo Coelho*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** sælgæti, **6.** í röð, **8.** mjöl, **9.** háttur, **11.** gelt, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** pot, **17.** bókstafur, **18.** auð, **20.** tveir eins, **21.** svari.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** hamfletta, **7.** tónsvið, **10.** loft, **13.** gerast, **15.** sálar, **16.** munda, **19.** fyrirtæki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** áb, **8.** mél, **9.** lag, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** ot, **17.** enn, **18.** tóm, **20.** dd, **21.** ansi.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** barítón, **10.** gas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** ota, **19.** ms.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Helgi Ólafsson (2.546) hafði hvítt gegn Rússanum Mikhail Kobalia (2.646) í níundu umferð N1 Reykjavíkurskákmótsins.**

**Hvítur á leik:**



28. **Hh4! h5** (28. … Bxb1 29. Dh6+ Kf6 30. Dxf8) **29. He1 cxb4 30. axb4 a4 31. g4!** og hér gafst yfirþjálfri rússneska ungmennalandsins upp fyrir skólastjóra Skákskóla Íslands. Helgi tefldi best íslenskra skákmanna á mótinu.

**www.skak.is:** Áskorendamótið hafið.

# TAX FREE

## VIÐ AFNEMUM VIRÐISAUKASKATTINN AF ÖLLUM SKÓM Í VERSLUNINNI FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS!*

AFSLÁTTURINN GETUR NUMIÐ ALLT AÐ

# 80%

AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!**






*Afnám vsk. jafngildir 20,32% afslætti og er alfarið á kostnað Korpu Outlet. **Afslátturinn gildir af Outletverðum og getur því verið allt að 80% frá upphaflegu verði!

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1398** kr. kg.

KJARNAFÆÐI **Lambalæri** *ferkst* Með íslenskum villijurtum.



**798** krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Frosið lambasúpukjöt** *FROSIÐ*




**1298** krónur kg.

Nautaveislu **Nautgripahakk frá Spáni**



**1498** krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** *FROSIÐ*

BÓNUS
FERSKUR GRÍSABÓGUR




**595** kr. kg.

*FROSIÐ*



**1259** krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Heilt lambalæri** *FROSIÐ*




**67** kr. 250ml

EUROSHOPPER **Orkudrykkur**
*með og án sykurs*




**759** kr. 4 stk.

NAUTAVEISLU **Fjórir hamborgarar**
**með hamborgararbrauði**




**229** kr. 300g

**298** kr. 350g

EUROSHOPPER **Frosnar pizzur** Margaherita/Pepperoni Salami




**198** kr. 170gr

DORITOS **Snakkið**
fjórar gerðir 170g. pokinn




**198** krónur 2 ltr.




**1598** kr. kg.

ÍSLANDSLAMB *BLANDAÐAR GRILL*
**Lambalærisneiðrar**




**1398** kr. kg.

ÍSLANDSLAMB *GRILL*
**Lamba-sirloinsneiðar**

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

VISA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FRJÁLS VERSLUN Bónus er **vinsælasta** fyrirtæki á Íslandi árið **2014**

### Árleg könnun Frjálsrar verslunar

ÁRLEG KÖNNUN FRJÁLSRAR VERSLUNAR:

**BÓNUS AFTUR Í FYRSTA SÆTIÐ**

**LISTINN 2014** FRJÁLS VERSLUN

**Vinsælustu fyrirtækin**

Spurt: Vildir þú nefna eitt til þrjú íslensk fyrirtæki sem þú hefur jákvætt viðhorf til?

| | 2014 | RÖÐ | 2013 | RÖÐ | BREYTING |
|---|---|---|---|---|---|
| **BÓNUS** | 15.2% | 1 | 9,7% | 4 | 5,5% |
| Össur | 9,3% | 2 | 15,3% | 1 | -6,0% |
| Icelandair | 7,9% | 3 | 10,0% | 3 | -2,1% |
| Marel | 5,7% | 4 | 12,4% | 2 | -6,7% |

*Takk fyrir stuðninginn!*

*Starfsfólk Bónus*

## Verðlækkun á Pampersbleium í Bónus




**2598** krónur kassinn

Pampers

| | | | |
|---|---|---|---|
| Midi 104 stk. 2598 kr.<br>Aðeins **25 KR.STK** | Junior 80 stk. 2598 kr.<br>Aðeins **33 KR.STK** | Maxi + 80 stk 2598 kr.<br>Aðeins **33 KR.STK** | Maxi 86 stk. 2598 kr.<br>Aðeins **31 KR.STK** |

## Gott verð á kaffi í Bónus






**398** kr. 10 stk.
René Kaffihylki tvær teg.

**659** kr. 500gr — GEVALIA 500G

**698** kr. 500gr — MERRILD 500G

**595** kr. 500gr — BKI 500G

**498** kr. 400gr — LÚXSUS DILETTO 400G

**398** kr. 500gr — BÓNUS 500G

**349** kr. 36 stk.
Euroshopper Kaffipúðar 36 stk.
Aðeins 10 kr. kaffibollinn

BÓNUS EKKERT BRUÐL VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30



**KLARINETTULEIKARINN** Arngunnur segir Schubert-oktettinn fullan af gáska. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Létt tónlist og upplífgandi

Schubert-oktettinn verður fluttur af Kammersveit Reykjavíkur á hádegistónleikum í Kaldalóni á sunnudag. Arngunnur Árnadóttir klarinettuleikari veit meira.

„Ég var að læra í Berlín og þar var algengt að það væru Matiné-tónleikar í hádeginu á sunnudögum. Þá gat fólk farið í brönsj annað hvort fyrir eða eftir. Þetta er því dálítið að evrópskri fyrirmynd,“ segir Arngunnur Árnadóttir, klarinettuleikari og ljóðskáld, um hádegistónleika Kammersveitar Reykjavíkur í Kaldalóni á sunnudaginn klukkan 12.15.

Þar er Schubert-oktettinn sem fluttur verður en hann telst til merkustu kammerverka tónlistarsögunnar.

„Þetta er mjög glaðleg tónlist, létt og upplífgandi,“ segir Arngunnur og kveðst vera að spila oktettinn í fyrsta skipti. „Mér hefur alltaf þótt hann áhugaverður og fallegur og það hefur lengi verið á óskalistanum að spila hann,“ segir hún.

Flutningurinn tekur nærri klukkustund, en býst Arngunnur við að sveitin spili þetta mæta verk oftar og víðar? „Það gæti verið. Hugmyndir eru uppi um að spila hann í vor, eða að minnsta kosti einhverja kafla úr honum á barnamenningarhátíð.“

gun@frettabladid.is

BOSS
HUGO BOSS

ILMDAGAR Í LYFJU
DAGANA 13.-16. MARS




**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 13.-16. MARS

Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

*á meðan birgðir endast

LYFJA
- Lífið heil



**Á SVIÐINU** Brátt heyrir sýningin Horn á höfði sögunni til. MYND/JÓHANNA ÞORKELSDÓTTIR

## Send í himnaríki sýninganna

Fjölskyldusöngleikurinn Horn á höfði verður sýndur í síðasta sinn á sunnudaginn klukkan 13. „Nú verður hann sendur upp í himnaríki sýninganna,“ segir Víðir Guðmundsson, einn þriggja leikara í verkinu.

Víðir segir tæplega 80 sýningar að baki fyrir rúmlega sjö þúsund manns. „Sýningin er orðin ansi lífseig og margt búið að gerast í lífi leikaranna á þessum tíma, meðal annars hafa nokkur börn komið undir!“

Horn á höfði eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson, með tónlist eftir Villa Naglbít, var frumsýnt í Grindavík 2009 og hlaut strax frábærar viðtökur. Gagnrýnendur lofuðu sýninguna í hástert og hún var valin besta barnasýning ársins það ár. - gun

## Allt mannlegt til umfjöllunar

Hátt í 150 fyrirlestrar í 37 málstofum verða á hugvísindaþingi í Háskóla Íslands í dag og á morgun. Á þinginu verður allt mannlegt til umfjöllunar. Frá tilfinningum til staðreynda, fortíð til nútíðar og frá tungumáli til hugsana. Fjallað verður um söguskoðun valdhafa, hið síbreytilega íslenska mál, Biblíuna og búddisma svo eitthvað sé nefnt.

Þingið er opið almenningi og hefst klukkan 13 í dag í Aðalbyggingu HÍ. Dagskráin er birt á hugvis.hi.is/hugvisindathing - gun




**MINNIR Á HORNAFJÖRÐ** Sker eftir Eyþór Jóvinsson er ein myndanna á hátíðinni.

## Festival á flakk

Íslenskar og erlendar stutt- og heimildarmyndir verða sýndar frítt í Nýheimum á Höfn í dag og á morgun. Það er liður í hátíðinni Reykjavík Shorts@Docs Festival sem í þetta sinn þjófstartar á Höfn en verður á dagskrá í Reykjavík 3. til 9. apríl.

Fjórir sýningarflokkar verða í Nýheimum. Þeir eru; Ungt fólk, Konur um konur, Jaðaríþróttir og Úr alfaraleið.

Auk þess verða umræður um kvikmyndagerð á Kaffi Horninu á morgun klukkan 15.

Lesendur Movie Maker Magazine völdu Reykjavík Shorts & Docs Festival meðal fimm svölustu stuttmyndahátíða heims nýverið. - gun



**HEILLAR FÆREYINGA** Svavar Knútur á eitt vinsælasta lag síðasta árs í Færeyjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vinsæll í Færeyjum

Svavar Knútur er tilnefndur til færeysku tónlistarverðlaunanna. „Mikill heiður,“ segir hann.

„Þetta er æðislegt. Mér finnst ótrúlega gaman að vera tilnefndur. Það er mikill heiður,“ segir tónlistarmaðurinn Svavar Knútur. Hann er tilnefndur, ásamt færeyska tónlistarmanninum Marius, fyrir lag ársins 2013 á færeysku tónlistarverðlaununum, Faroe Music Awards, sem veitt eru í fyrsta sinn núna á laugardaginn. Lagið heitir Tokan og hefur verið afar vinsælt í Færeyjum.

„Við kynntumst í söngvaskáldasmiðju á Sámsey í Danmörku en okkur var báðum boðið í hana af hátíðinni Copenhagen Songwriting Festival. Við vorum settir saman í að semja lag og ákváðum að gera lag sem sameinar íslenska og færeyska reynslu, upplifun og sýn. Lagið var samið bæði á íslensku og færeysku og sungið á báðum tungumálum til skiptis. Við tókum upp tvær útgáfur af laginu, hans útgáfu og mína. Mín útgáfa er kammerútgáfa og hans meira rokk og elektróník. Hans útgáfa fór í útvarp en við gerðum myndband við mína útgáfu,“ segir Svavar Knútur sem hefur aldrei verið tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna.

➜ Svavar Knútur hefur aldrei verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna

„Nei, ég er ekki töff á Íslandi.“

Tónlistarmaðurinn getur ekki verið viðstaddur hátíðina á laugardaginn þar sem hann flýgur til Þýskalands á sunnudag á tónleikaferðalag í tvo og hálfan mánuð. Hann yfirgefur samt ekki Ísland án þess að kveðja landsmenn.

„Ég verð með kveðjutónleika í kvöld á Rosenberg. Ég verð með hljómsveit í fyrsta sinn í mörg ár og ætla að flytja alls konar efni.“

- lkg

# FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Sýningar

**20.30** Leikdeild Umf. Skallagríms frumsýnir söng- og gamanleikinn Stöngin inn í Lyngbrekku. Stöngin inn er nýtt verk eftir Guðmund Ólafsson leikara.

### Hátíðir

**19.00** Íslensku tónlistarverðlaunin fagna 20 ára afmæli í ár og verða haldin í Eldborg í Hörpu. Margt af okkar helsta tónlistarfólki mun koma fram, það besta á árinu 2013 verður verðlaunað auk þess sem litið verður yfir farinn veg og saga verðlaunanna skoðuð allt til ársins 1993.

### Tónlist

**12.15** Hádegistónleikar Tríós Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum. Hádegistónleikar Guðnýjar Guðmundsdóttur fiðluleikara ásamt Gunnari Kvaran sellóleikara og Gerrit Schuil píanóleikara.

**20.00** Plötusnúðurinn Klaas heldur tónleika í félagsmiðstöðinni Fjörheimum í Reykjanesbæ.

**21.00** Tim Hecker heldur tónleika í Mengi. Miðaverð á þessa tónleika er 3.000 krónur en handhafar tónleikakorts Mengis munu engu að síður fá aðgang að viðburðinum á sömu kjörum og venjulega.

**21.00** Fyrstu tónleikar í tónleikaröðinni Kvöldstund með Vebeth verða haldnir á Café Ray Liotta á Hverfisgötu. Vebeth er hópur tónlistar og myndlistafólks sem aðhyllist svipaða fagurfræði og hafa m.a gefið út plötur undir merkjum Vebeth.

**22.00** Bloodgroup heldur tónleika á Græna hattinum. Hljómsveitin Bloodgroup hefur verið dugleg við spilamennsku erlendis spilað nokkur hundruð tónleika um allann heim við frábærar undirtektir. Hljómsveitin stækkaði við sig á síðasta ári þegar trommuleikarinn Þorvaldur Þór bættist í hópinn. Miðaverð er 2.400 krónur.



**23.00** Plötusnúðurinn Klaas heldur tónleika í All In í Hafnarfirði. Aðgöngumiðaverð er 2.500 krónur.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson og gestir skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**20.00** Í kvöld fer fram fyrirlestur í húsi Lífspekifélags Íslands, Ingólfsstræti 22, þar sem Gunnlaugur Guðmundsson, stjörnuspekingur, heldur fyrirlestur sem hann nefnir: Sálametið. Um tengsl manns, náttúru og alheims og hvernig þau birtast í persónuleika mannsins.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*




# Smart strigaskór fyrir vorið



ZARA



SAINT LAURENT



KENZO



ADIDAS



MOTHER OF PEARL

# Spennandi jóga sækir í sig veðrið á Íslandi

**Kundalini-jóga er tiltölulega nýtt á Íslandi. Um er að ræða jóga þar sem meira er um hreyfingar en í hefðbundnu jóga og byggir það á taktföstum hreyfingum.**

Kundalini-jóga er frábrugðið öðru jóga. Það byggir á taktföstum hreyfingum, þar sem þú ert að hreyfa þig í takt við andardráttinn. Þegar þú gerir það, þá fer hugurinn að slaka á,“ segir Guðrún Darshan, jógakennari og hómópati, en hún rekur jógastöðina Andartak í Skipholti.

Hún segir jóga vera góða líkamsrækt og meira en það. „Það dugir alveg að fara í Kundalini-jóga, það er mjög kröftugt og vel hægt að koma sér í gott form,“ segir Guðrún um jógað.

Í Kundalini-jóga er lögð áhersla á miðju líkamans og magi og bak tekin vel fyrir í tímum. „Við erum líka að styrkja taugakerfið, það skiptir miklu máli.

Margar æfingar sem iðkaðar eru í Kundalini-jóga eru þannig að þær reyna mikið á, og um leið er reynt að slaka á. „Við reynum að slaka þegar við æfum erfiðar æfingar. Það er sérstaklega gott fyrir keppnisfólk og fólk sem er undir miklu álagi, sem gildir um flest fólk í nútímasamfélagi,“ bætir Guðrún við.

Í lok hvers tíma er alltaf farið í slökun og hugleiðslu. „Það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem erum mikið á ferðinni að kunna að slaka á. Við þurfum að kunna að slökkva á streitunni. Hugurinn eltir alltaf andardráttinn, þegar við förum að dýpka andardráttinn þá hægist á huganum og þá getur líkaminn farið að slaka á,“ útskýrir Guðrún. Hún lærði árið 2004 en nú hafa útskrifast yfir hundrað kennarar. Hún segir jafnframt að fleiri konur en karlar sæki tímana.

Í jógastöðinni Andartaki er boðið upp á margvísleg námskeið og opna tíma í Kundalini-jóga. „Við ætlum að bjóða upp á fría hugleiðslu á morgnana út mars, þar sem leggja má til frjáls framlög sem munu renna til átaksins Mottumars,“ segir Guðrún og bætir við að jógað sé að verða mjög vinsælt hér á landi.

gunnarleo@frettabladid.is



**KANN SITT FAG** Guðrún Darshan er jógakennari og hómópati og rekur jógastöðina Andartak.
MYNDIR/EINKASAFN

**TEKUR Á** Kundalini-jóga tekur vel á og er góð líkamsrækt.



SJÓÐHEITIR SPÆNSKIR dagar!

ALMERÍA
☆☆☆☆ Arena Center 7 nætur
Tilboðsverð á mann: 79.900 kr.
M.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð 99.800 kr. miðað við 2 fullorðna. Brottför 17. júní.

BENIDORM
☆☆☆ DON JORGE 7 nætur
Tilboðsverð á mann: 84.900 kr.
M.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð 102.199 kr. miðað við 2 fullorðna. Brottför 17. júní.

COSTA BRAVA
☆☆☆ XAINE PARK 7 nætur
Tilboðsverð á mann: 94.900 kr.
M.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð 114.240 kr. miðað við 2 fullorðna. Brottför 18. júní.

MARMARIS
☆☆☆ ALENZ SUITE 7 nætur
Tilboðsverð á mann: 102.900 kr.
M.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð 123.799 kr. miðað við 2 fullorðna. Brottför 12. júní.

Tilboðin gilda út þriðjudaginn 19. mars.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

Yuasa rafgeymar
Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum




Frí rafgeymaprófun

Höfuðborgin

| | | |
|---|---|---|
| **Nesdekk-Grandi** Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík Sími 561 4110 | **Bifreiðaverkstæði Svans ehf.** Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík Sími 616 2333 | **Bílson** Kletthálsi 9 · 110 Reykjavík Sími 568 1090 |
| **Smurstöðin Klöpp** Vegmúla 4 · 108 Reykjavík Sími 553 0440 | **Smur- og Viðgerðarþjónustan** Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík Sími 567 9555 | **Bifreiðaverkstæði Einars Þórs** Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík Sími 567 0080 |
| **Múlaradio ehf.** Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík Sími 554 1540 | **Málningarverk** Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík Sími 554 4550 | **Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs ehf.** Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík Sími 567 4468 |

Framúrskarandi fyrirtæki 2011
Framúrskarandi fyrirtæki 2012
Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# ÚTSALA

MEIRA ÚRVAL

FULLT AF VÖRUM

## ALLT AÐ 96% AFSLÁTTUR
## GERÐU FRÁBÆR KAUP!



PAPPÍR A4
3.196 KR KASSINN
5 PAKKAR Í KASSA
FRÁBÆRT VERÐ!



LESUM SAMAN DÝRASÖGUR
KR. 1249
VERÐ ÁÐUR KR. 2.659



LÍKAMI ÞINN
KR. 999
VERÐ ÁÐUR KR. 2.899



YS OG ÞYS Í ERILBORG
KR. 999
VERÐ ÁÐUR KR. 2.749



TOP MODEL TÚSSLITIR
VERÐ KR. 999
VERÐ ÁÐUR KR. 1.999



ÍSLENSKT LYKLABORÐ
KR. 7.829



FÖNDURSETT TÍSKUHÖNNUN
VERÐ KR. 799
VERÐ ÁÐUR KR. 1.699



A5 ATLANTICA PERLUR
VERÐ KR. 699
VERÐ ÁÐUR KR. 1.599



TOP MODEL BRÚÐKAUPSLITABÓK
KR. 1.799
VERÐ ÁÐUR KR. 3.099



UPPSKRIFTABÓK
VERÐ KR 1.299
VERÐ ÁÐUR KR. 2.659



BAKPOKI CHARMMYKITTY
VERÐ KR 3.999
VERÐ ÁÐUR KR. 8.599



HP DESKJET 1010 PRENTARI
GOTT VERÐ
KR. 8.999

GRIFFILL

STÆRRI VERSLUN!



GRIFFILL SÍMI: 533-1010 - WWW.GRIFFILL.IS - SKEIFUNNI 11
OPIÐ TIL KL. 18.00 ALLA DAGA

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Markhönnun ehf

# nettó

Kræsingar & kostakjör



**PÍTUBUFF**
6X60GR M/BRAUÐUM
**VERÐ PER PAKKA**
ÁÐUR 1.199
## 959,-

GOÐI



-40%

**GRISAFILLE**
Í ORANGEMARENERINGU
**KÍLÓVERÐ**
ÁÐUR 2.498
## 1.499,-

KJARNAFÆÐI





**FRANSKAR KARTÖFLUR**
1 KG
**VERÐ PER PAKKA**
ÁÐUR 379
## 299,-



-37%

**GRÍSAKÓTELETTUR**
HUNANGSMARINERAÐAR
**KÍLÓVERÐ**
ÁÐUR 2.379
## 1.499,-

GOÐI





-30%

**MÖNDLUMJÓLK**
BLUE DIAMOND
**STYKKJAVERÐ**
ÁÐUR 398
## 279,-



**APPELSÍNUR**
SPÆNSKAR
**KÍLÓVERÐ**
ÁÐUR 238
## 119,-

-50%

**Tilboðin gilda 13. -16. mars 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**LAMBAFRAMHRYGGJASNEIÐAR**
FERSKT
**KÍLÓVERÐ**
ÁÐUR 2.589

# 1.994,-



-40%

**KALKÚNASNEIÐAR**
M/LEMMONGRAS MARINERINGU
**KÍLÓVERÐ**
ÁÐUR 2.498

# 1.499,-




**X-TRA**
PASTASKRÚFUR 500 KG
**VERÐ PER PAKKA**

# 139,-

**X-TRA**
SPAGHETTI 1 KG
**VERÐ PER PAKKA**

# 199,-

**DOLMIO**
SPAGHETTISÓSUR
**VERÐ PER KRUKKA**
~~ÁÐUR 499~~

# 399,-




**GRÆNMETISBUFF**
OKKAR - 800 GR
**VERÐ PER PAKKA**
ÁÐUR 1.198

# 683,-



**PECANSTYKKI**
BAKAÐ Á STAÐNUM
**STYKKJAVERÐ**
~~ÁÐUR 198~~

# 139,-

-30%

**NESTLE ROLO**
3X52 GR
**VERÐ PER PAKKA**
~~ÁÐUR 399~~

# 299,-




-25%

**NESTLE TOFFEE CRISP**
4 PAKK
**VERÐ PER PAKKA**
~~ÁÐUR 399~~

# 299,-

# Af hverju má ég ekki giftast Evu?

**BAKÞANKAR**
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



**UM** daginn sat ég í sófanum með dóttur minni. Við lékum okkur í tölvuleik sem gengur út á það að klæða brúðhjón í mannsæmandi föt fyrir stóra daginn. Ég spurði dóttur mína hverjum hún vildi giftast og hún sagði að hún vildi giftast bestu vinkonu sinni, henni Evu. En hún vildi líka giftast strák, honum Gesti.

**NOKKRUM** dögum síðar horfðum við á viðtal við transkonu í sjónvarpinu. Dóttir mín furðaði sig á því að þessi kona hefði einu sinni verið með typpi en núna væri hún með brjóst og pjöllu. Eftir miklar bollaleggingar náði ég að útskýra fyrir henni hvað transfólk væri. Eða svona næstum því. Held ég.

**HÚN** er meira að segja farin að gúddera að strákar megi vera með naglalakk. Henni finnst það ekkert sérlega smart en er sammála móður sinni um það að fólk megi vera nákvæmlega eins og því líður best sjálfu.

**HENNI** brá líka í fyrrnefndum brúðarfataleik vegna þess að hún gæti ekki valið brúðarkjóla á tvær stelpur og sett þær saman á mynd í fallegri kirkju. Leikurinn bauð nefnilega bara upp á að stilla konu og manni upp saman. Þetta fannst henni skrítið. Og frekar pirrandi. Hana langaði nefnilega í mynd af sér og Evu sinni í semelíusteinaskreyttum rjómatertukjólum.

**ÉG** er fegin að dóttir mín elst upp á tímum þar sem allt er leyfilegt. Ég er fegin að hún óttast ekki að segja skoðanir sínar og vera trú sinni sannfæringu. Og ég er ekki síst fegin að hún áttar sig á því hvað það er fáránlegt að tölvuleikur bjóði ekki upp á að prúðbúa tvær konur og gefa þær saman í sýndarveruleikanum.

**ÞÓ** það virðist kannski ekki vera stórmál þá er það mikið hjartans mál fyrir fjögurra ára barn sem dýrkar bestu vinkonu sína út af lífinu.

**ÞVÍ** vona ég að hún haldi áfram að láta sig menn og málefni varða svo lengi sem óréttlæti ríkir í heiminum. Og ef hún kemst einhvern tímann að þeirri niðurstöðu að hún sé fædd í röngum líkama eða að hún vilji taka af skarið og giftast henni Evu mun ég styðja hana alla leið.

# Tónlistarverðlaunin eru tuttugu ára í ár

Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í 20. sinn í kvöld við hátíðlega athöfn.

Fyrsta verðlaunaathöfnin fór fram á Hótel Sögu 1993. Tilnefnt var í fjórtán flokkum og voru tónlistarmenn í popp- og rokkgeiranum aðallega verðlaunir. Í ár verða veitt verðlaun í 24 flokkum. Í ár gefst almenningi í fyrsta skiptið kostur á að mæta á hátíðina og fer miðasala fram á miði.is

- **Andrea Gylfadóttir**, sem tilnefnd er sem söngkona ársins í kvöld, var einnig tilnefnd sem söngkona ársins þegar hátíðin fór fram í fyrsta sinn árið 1993.
- **Bubbi Morthens** er tilnefndur sem textahöfundur ársins. Hann var einnig tilnefndur sem textahöfundur ársins árið 1993.

Árið 1999 voru hljóðfæraleikarar ársins valdir í síðasta sinn, það er að segja gítarleikari, bassaleikari, trommuleikari, hljómborðsleikari og blásturshljóðfæraleikari ársins.

Í ár eru tilnefningarnar í flokknum Bjartasta vonin í popp-, rokk- og blústónlist:

**Vök - Kaleo - Kött Grá Pjé**
**Grísalappalísa - Highlands**

Flokkurinn Bjartasta vonin hefur ávallt staðið undir nafni en árið 1994 var Emilíana Torrini valin bjartasta vonin og átti hún heldur betur eftir að láta á sér kveða.

Bjartasta vonin árið 1995 var hljómsveitin Botnleðja. Hún átti Lag ársins 1996, Hausverkun og var einnig valin hljómsveit ársins sama ár. Bjartasta vonin árið 2011, sem var þá valin á Rás 2, var hljómsveitin Of Monsters and Men, en sveitin er í dag orðin heimsfræg og hefur til að mynda hlotið platínuplötu fyrir plötu sína My Head Is an Animal í Bandaríkjunum og því selt yfir 1.000.000 eintaka þar í landi. Þá hefur platan selst um 27.000 eintökum á Íslandi.

Bjartasta vonin í fyrra var Ásgeir Trausti. Hann hefur unnið marga sigra að undanförnu og hefur plata hans, In the Silence, fengið prýðisdóma í erlendum miðlum. Hann var í fyrsta sæti á Billboard Hot Overseas-listanum í Japan með smáskífulagið King and Cross og vann einnig Ebba-verðlaunin á síðasta ári.Það má með sanni segja að björtustu vonirnar hafi orðið enn bjartari í kjölfar viðurkenningarinnar.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** hefur hlotið flest verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum eða tuttugu alls.



**BOTNLEÐJA** var valin bjartasta vonin árið 1995. Hún átti lag ársins 1996 og var valin hljómsveit ársins sama ár.

## ➜ Hátíðin í kvöld

Eftirfarandi listamenn koma fram á hátíðinni í kvöld:

**Emilíana Torrini**
**Hjaltalín**
**Skálmöld**
**Mezzoforte**
**Valdimar Guðmundsson**
**Egill Ólafsson**
**Páll Óskar**
**Rósa Birgitta Ísfeld**
**Ragnar Bjarnason**
**Óperan Ragnheiður**

Kynnir verður Vilhelm Anton Jónsson betur þekktur sem Villi Naglbítur.


SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| SAVING MR. BANKS | KL. 8 - 10:40 | L |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSL TAL | KL. 3D: 3:40 2D: 3:40 - 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL | KL. 3D: 3:30 2D: 3:40 - 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 8 | L |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 10:25 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:30 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:30 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚXUS | KL 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 3D | KL 3.30 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL 8 | 12 |
| RIDE ALONG | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ROBOCOP | KL 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL 3.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 3D | KL 3.30 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL 6 - 9 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D / 3D | KL 5.50 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL 8 - 10.30 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | KL 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ONE CHANCE | KL 6 - 8 - 10 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL 10 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | KL 6 | L |
| RIDE ALONG | KL 8 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE BAG MAN | 8, 10:20 | 16 |
| 3 DAYS TO KILL | 8, 10:20 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | 10:25 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 4, 6 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 3:45 | L |
| RIDE ALONG | 6 | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 2D | 3:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |




BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


★★★½
„SKEMMTILEGRI EN NOKKRAR HAMFARIR ÆTTU AÐ VERA“
NEW YORK MAGAZINE
„TAKTU GLADIATOR BLANDAÐU HENNI SAMAN VIÐ TITANIC, BÆTTU SÍÐAN SMÁ SPARTACUS OG GAME OF THRONES OG ÞÚ FÆRÐ POMPEII.“
„EIN BESTA MYND LEIKSTJÓRANS ANDERSON'S“
JOBLO.COM
FROM THE ASHES A HERO WILL RISE
POMPEII
CONSTANTIN FILM PRESENTS A
INTERNATIONAL / IMPACT PICTURES (POMPEII) PRODUCTION A FILM BY PAUL W.S. ANDERSON "POMPEII" KIT
CARRIE-ANNE
EMILY BROWNING
JESSICA LUCAS WITH JARED HARRIS AND KIEFER SUTHERLAND CASTING BY RONNA KRESS C.S.A. DEIRDRE BOWEN MUSIC BY CLINTON SHORTER
DIGITAL VISUAL EFFECTS BY MR. X INC. VISUAL EFFECTS SUPERVISOR
WENDY PARTRIDGE EXECUTIVE IN CHARGE OF PRODUCTION
ROTHE EDITED BY MICHELE CONROY PRODUCTION DESIGNER PAUL DENHAM AUSTERBERRY
DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY GLEN
PHERSON A.S.C. C.S.C.
MOSZKOWICZ PETER SCHLESSEL JON BROWN PRODUCED BY JEREMY BOLT PAUL W.S. ANDERSON ROBERT KULZER DON
SCOTT BATCHLER & LEE BATCHLER AND MICHAEL ROBERT JOHNSON DIRECTED BY PAUL W.S. ANDERSON
Constantin Film
IMPACT PICTURES
Soundtrack
Milan
PompeiiMovie.tumblr.com
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
FRUMSÝND 14. MARS
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS
SAMBÍÓIN




HAMPIÐJAN

# Aðalfundur

**Aðalfundur Hampiðjunnar hf. verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík, föstudaginn 28. mars 2014 og hefst kl. 16:00.**

**Á dagskrá fundarins verða:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn Hampiðjunnar hf.

HAMPIÐJAN



## BESTA BYRJUN ÞJÁLFARA Í ÚRVALSDEILD KARLA

**Besta sigurhlutfall á fyrsta tímabili hjá þjálfara í efstu deild karla (frá 1978/79)**

**1** **FINNUR FREYR STEFÁNSSON**
KR 2013-14
**95,2 PRÓSENT ÁRANGUR**
20 SIGRAR OG 1 TAP (1 LEIKUR EFTIR)
**Deildarmeistari**
**Úrslitakeppnin er framundan**



**KR DEILDARMEISTARI** Finnur Freyr Stefánsson fagnar hér deildarmeistaratitlinum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**2** **SIGURÐUR INGIMUNDARSON**
KEFLAVÍK 1996-97
**86,4 PRÓSENT ÁRANGUR**
19 SIGRAR OG 3 TÖP
**Deildarmeistari**
**Keflavík varð Íslandsmeistari**



**3** **VALUR INGIMUNDARSON**
NJARÐVÍK (SPILANDI) 1986-87
**85,0 PRÓSENT ÁRANGUR**
17 SIGRAR OG 3 TÖP
**Deildarmeistari**
**Njarðvík varð Íslandsmeistari**

**4** **DANNY SHOUSE**
NJARÐVÍK (SPILANDI)
1980-1981
**85,0 PRÓSENT ÁRANGUR**
17 SIGRAR OG 3 TÖP
**Njarðvík varð Íslandsmeistari**

**5** **CHRIS FADNESS**
NJARÐVÍK
1988-89
**84,6 PRÓSENT ÁRANGUR**
22 SIGRAR OG 4 TÖP
**Deildarmeistari**
**Njarðvík datt út í undanúrslitum**



**6** **SVERRIR ÞÓR SVERRISSON**
GRINDAVÍK 2012-13
**81,8 PRÓSENT ÁRANGUR**
18 SIGRAR OG 4 TÖP
**Deildarmeistari**
**Grindavík varð Íslandsmeistari**

# Einstök frumraun

Enginn þjálfari hefur byrjað betur á sínu fyrsta tímabili sem þjálfari í úrvalsdeild karla í körfubolta en þjálfari deildarmeistara KR, Finnur Freyr Stefánsson.

**KÖRFUBOLTI** Það er einn leikur eftir hjá nýkrýndum deildarmeisturum KR-inga en þjálfari liðsins, hinn 30 ára gamli Finnur Freyr Stefánsson, er þegar búinn að endurskrifa söguna. Enginn þjálfari hefur gert betur á sínu fyrsta tímabili í efstu deild.

KR-ingar hafa unnið 20 leiki af 21 í Dominos-deild karla á tímabilinu og þeir fengu deildarmeistarabikarinn afhentan eftir 101-78 sigur á Val í gær. Finnur var aðstoðarþjálfari Helga Más Magnússonar seinni hluta síðasta tímabils og stjórnaði liðinu þá af bekknum. Hann tók síðan við KR-liðinu í haust og hefur liðið verið í sérflokki í deildinni í vetur.

Keflvíkingurinn Sigurður Ingimundarson var búinn að eiga metið í sautján ár eða síðan hann tók það af bróður sínum, Val Ingimundarsyni, og Danny Shouse, sem höfðu þá átt það saman í áratug. Njarðvíkurliðið vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil árið 1981 með Shouse sem spilandi þjálfara en Ingi Gunnarsson var þá liðstjóri. Valur var einnig spilandi þjálfari.

Finnur Freyr á þó ekki möguleika á því að jafna titlasöfnun Sigurðar á sínu fyrsta tímabili en Keflavíkurliðið vann fjórfalt veturinn 1996-97. Keflavík vann Grindavík 3-0 í lokaúrslitum um Íslandsmeistarabikarinn, vann KR 77-66 í bikarúrslitaleiknum, vann KR 107-101 í úrslitaleik Fyrirtækjabikarsins og vann einnig deildarmeistaratitilinn með fjögurra stiga mun. Keflavíkurliðið vann alls 37 af 40 leikjum sínum þennan vetur.

Þetta er annað árið í röð sem þjálfari kemst inn á þennan lista því Grindvíkingar unnu 81,8 prósent leikja sinna á síðasta tímabili þegar Sverrir Þór Sverrisson stjórnaði karlaliði í fyrsta sinn í efstu deild. Líkt og þeir Sigurður og Finnur Freyr hafði Sverrir Þór áður þjálfað kvennalið í efstu deild og enginn þeirra var því „algjör“ nýliði í þjálfun.

**ooj@frettabladid.is**




SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
ÚTVAPPIÐ
FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

# STÓR HUMAR

| HUMAR | HUMAR | HUMAR | HUMAR | HUMAR | HUMAR | HUMAR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærð 30/40 | Stærð 24/30 | Stærð 18/24 | Stærð 15/18 | Stærð 12/15 | Stærð 9/12 | Stærð 7/9 |
| 2.600 kr./kg | 4.900 kr./kg | 5.900 kr./kg | 6.900 kr./kg | 7.500 kr./kg | 7.900 kr./kg | 8.900 kr./kg |

## HUMARSÚPA FISKIKÓNGSINS

## SKELFLETTUR HUMAR

**Seljum Humar:**
Inná öll hótel og veitingastaði.
Sendum um land allt.
Upplýsingar 777 2002,
Ármann Sal, sölustjóri heildsölu.

## OPIÐ LAUGARDAG 10-18 Á SOGAVEGI 3



MINNI YKKUR Á
NÝJA FISKIKÓNGINN
HÖFÐABAKKA 1




**FISKIKÓNGURINN**
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

**FISKIKÓNGURINN**
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 555 2800

Finndu Fiskikónginn á f

www.fiskikongurinn.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.35
### The Dark Knight Rises
Stórmynd með Christian Bale og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Átta ár eru liðin síðan Batman tók á sig ábyrgðina fyrir glæpi glæpaforingjans Two Face. Nú er kominn nýr hryðjuverkaleiðtogi fram á sjónarsviðið, Bane.

## Í KVÖLD



### Spurningabomban
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur liðum sem þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.



### Íslensku tónlistarverðlaunin 2014
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Eldborg í Hörpu. Kynnir er Vilhelm Anton Jónsson.



### Senna
**STÖÐ 2 SPORT KL. 20.55** Heimildarmynd um brasilíska kappakstursmanninn Ayrton Senna sem hampaði þremur Formúlu 1 meistaratitlum áður en hann lést í keppnisslysi aðeins 34 ára að aldri.

## FM 957 kl. 10.00
### Heiðar Austmann
Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.




# FRÉTTABLAÐIÐ
## ER HELGARBLAÐIÐ



# ER ENGINN LÆKNAHRELLIR

**Ástríður Pálsdóttir** kennir vanrækslu starfsfólks Landspítalans um andlát eiginmanns síns og hefur kært málið til lögreglu. Hún segir að kerfisbundið sé reynt að halda upplýsingum frá henni en réttlætistilfinningin drífur hana áfram í erfiðustu baráttu sem hún hefur háð.



### Slítur aldrei ræturnar
**Margrét Vilhjálmsdóttir** er ein þekktasta leikkona þjóðarinnar en færri vita að hún er líka leikstjóri, stjórnmálamaður, aðgerðasinni og móðir. Hún ætlar að taka sér frí frá leiklistinni í vor þar sem fjölskyldan er að flytja til Berlínar.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ



Hofsós Sundlaug



### Fallegustu nýbyggingar landsins
Fréttablaðið fékk álitsgjafa til velja fallegustu byggingar landsins sem byggðar hafa verið eftir árið 2007.

### Ógleymanleg ferð til Geirs



Mæðgurnar **Kristín S. Bjarnadóttir** og **Sóley María Hauksdóttir** létu loksins verða af því að heimsækja fangann Geir Þórisson í Greensville-fangelsið í Virginíu í Bandaríkjunum eftir áralöng bréfaskipti. Þær segja ferðasöguna og deila myndum úr ferðalaginu sem var mikill tilfinningarússíbani.

FRÉTTABLAÐIÐ *Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is


## STÖÐ 2
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.15** **Fairly Legal**
**11.05** **Celebrity Apprentice**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The Magic of Bell Isle**
**14.45** **The Glee Project**
**15.25** **Xiaolin Showdown**
**15.50** **Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.10** **Waybuloo**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons**
**19.45** **Spurningabomban**
**20.35** **The Dark Knight Rises**
**23.15** **Frozen Ground**
**01.05** **As Good as Dead**
**02.50** **The Tournament**
**04.25** **The Magic of Bell Isle**

## SPORT *besta sætið*
**14.40** **Valladolid - Barcelona**
**16.20** **Meistaradeild Evrópu. PSG - Bayer Leverkusen**
**18.00** **Samantekt og spjall** Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum
**18.30** **Dominos-deildin - Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos deild karla í körfubolta. Nú kynnir hann sér lið ÍR.
**19.00** **La Liga Report**
**19.30** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.00** **Evrópudeildarmörkin 2013/2014**
**20.55** **Senna** Heimildarmynd um brasilíska kappakstursmanninn Ayrton Senna sem hampaði þremur Formúlu 1 meistaratitlum áður en hann lést í keppnisslysi aðeins 34 ára að aldri.
**22.40** **UFC Fight Night**
**00.15** **UFC Now 2014**
**01.10** **Porto - Napoli**
**02.55** **Ástralía - Æfing 3** Bein útsending.
**05.50** **Formúla 1 2014 - Tímataka** Bein útsending.

## SPORT 2 *enski boltinn*
**11.35** **Cardiff - Fulham**
**13.15** **Blackburn - Burnley**
**14.55** **Chelsea - Tottenham**
**16.40** **Premier League World**
**17.10** **Messan**
**18.20** **WBA - Man. Utd.**
**20.00** **Match Pack**
**20.30** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.00** **Football League Show 2013/14**
**21.30** **Crystal Palace - Southampton**
**23.15** **Norwich - Stoke**

## ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** Tíska.is **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3
**17.25** **Jamie's 30 Minute Meals**
**17.55** **Raising Hope**
**18.15** **The Neighbors**
**18.40** **Cougar town 4**
**19.00** **H8R**
**19.40** **How To Make it in America** *(2:8)*
**20.15** **1600 Penn** *(12:13)*
**20.40** **American Idol** *(19:37)*
**21.25** **Grimm** *(18:22)*
**22.05** **Luck** *(7:9)*
**22.55** **H8R** *(8:9)*
**23.35** **How To Make it in America**
**00.00** **1600 Penn**
**00.20** **American Idol**
**01.00** **Grimm**
**01.45** **Luck**
**02.25** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin
**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.50** Gulla og grænjaxlarnir **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Brunabílarnir **09.47** Ávaxtakarfan **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Latibær **10.34** Ævintýraferðin **10.47** Tom and Jerry **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.50** Gulla og grænjaxlarnir **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Brunabílarnir **13.47** Ávaxtakarfan **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.23** Latibær **14.34** Ævintýraferðin **14.47** Tom and Jerry **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.50** Gulla og grænjaxlarnir **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Brunabílarnir **17.47** Ávaxtakarfan **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.23** Latibær **18.34** Ævintýraferðin **18.47** Tom and Jerry **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Elías og Fjársjóðsleitin **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL
**17.50** **Strákarnir**
**18.20** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(9:24)*
**20.00** **Það var lagið**
**21.00** **Game of Thrones** *(2:10)*
**21.55** **Twenty Four** *(22:24)*
**22.40** **It's Always Sunny in Philadelphia** *(2:13)*
**23.05** **Footballers Wives**
**23.55** **The Practice**
**00.40** **Það var lagið**
**01.35** **Game of Thrones**
**02.30** **Twenty Four**
**03.20** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**03.45** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ
**11.40** **Big Mommas. Like Father, Like Son**
**13.25** **Spy Kids 4**
**14.55** **Working Girl**
**16.45** **Big Mommas. Like Father, Like Son**
**18.35** **Spy Kids 4**
**20.05** **Working Girl**
**22.00** **Hitchcock**
**23.40** **44 Inch Chest**
**01.15** **The Keeper**
**02.50** **Hitchcock**

## RÚV
**11.55** **Vetrarólympíumót fatlaðra** *(Svig kvenna, fyrri ferð)* **Bein útsending**
**13.00** **Vetrarólympíumót fatlaðra** *(Snjóbretti karla og kvenna)*
**14.55** **Vetrarólympíumót fatlaðra** *(Svig kvenna, síðari ferð)* **Bein útsending**
**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Litli prinsinn**
**17.43** **Hið mikla Bé**
**18.05** **Nína Pataló**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Eldað með Ebbu**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Njósnari** *(7:10) (Spy II)*
**20.10** **Íslensku tónlistarverðlaunin 2014** Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Eldborg í Hörpu. Kynnir er Vilhelm Anton Jónsson.
**22.15** **Enginn ræður við Zohan** *(You Don't Mess with the Zohan)* Gamanmynd með Adam Sandler í aðalhlutverki sem fyrrum sérsveitarmann sem ákveður að sviðsetja eigin dauða til að geta látið drauminn rætast sem hárgreiðslumaður í New York.
**00.05** **Laus úr prísund** *(Crazy on the outside)*
**01.40** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN
**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.30** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**14.30** **Dogs in the City**
**15.20** **Svali&Svavar**
**16.00** **The Biggest Loser - Ísland**
**17.00** **Minute to Win It**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **The Millers**
**18.50** **America's Funniest Home Videos**
**19.15** **Family Guy** *(20:21)*
**19.40** **Got to Dance** *(10:20)* Breskur raunveruleikaþáttur sem farið hefur sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansarar á Englandi keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**20.30** **The Voice** *(5:28)* Þáttaröð sex hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á SkjáEinum. Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna. Mikil eftirvænting er fyrir þessari þáttaröð enda hefur það kvisast út að keppendur séu sterkari en nokkru sinni fyrr.
**22.45** **The Tonight Show**
**23.30** **Friday Night Lights**
**00.10** **In Plain Sight**
**00.55** **The Good Wife**
**01.45** **The Tonight Show**
**03.15** **Ringer**
**03.55** **Beauty and the Beast**
**04.35** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT
**06.00** Ginx

## Golfstöðin
**08.00** World Golf Championship 2014 **14.00** Golfing World 2014 **14.50** Inside The PGA Tour 2014 **15.10** PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Augusta Masters Official Film

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



AFMÆLISHELGI
GAMESTÖÐIN OG SKÍFAN SAMAN Í EITT ÁR
20% AFSLÁTTUR af allri tónlist
3CD
Tilboðsverð 2.639 Verð áður 3.299,-
CD+ DVD
Tilboðsverð 3.439 Verð áður 4.299,-
Mamma þarf að djamma
Tilboðsverð 2.399 Verð áður 2.999,-
SÖNGVAKEPPNIN 2014
Tilboðsverð 2.399 Verð áður 2.999,-
RETRO 20% afsláttur
plötuspilarar og símar
Tilboðsverð 14.999 Verð áður 17.999,-
Tilboðsverð 7.999 Verð áður 9.999,-
Tilboðsverð 31.999 Verð áður 39.999,-
Tilboðsverð 7.999 Verð áður 9.999,-
DVD BOMBUR takmarkað magn
Blue Jasmine
Tilboðsverð 1.499 Verð áður 2.999,-
CAPTAIN PHILLIPS
Tilboðsverð 1.499 Verð áður 2.999,-
INSIDIOUS 2
Tilboðsverð 999 Verð áður 2.599,-
RUSH
Tilboðsverð 999 Verð áður 2.899,-
PRISONERS
Tilboðsverð 999 Verð áður 2.899,-
PAIN & GAIN
Tilboðsverð 999 Verð áður 2.899,-
GETAWAY
Tilboðsverð 999 Verð áður 2.899,-
YFIR 300 DVD Á 999
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG SMÁRALIND · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS
Takmarkað MAGN Í BOÐI!
Afmælis-Bombur !!!
15% AFSLÁTTUR Á ÖLLUM TÖLVULEIKJUM!
BATTLEFIELD 4
PS3 & XBOX 5.999,- Áður 12.999,-
Takmarkað MAGN Í BOÐI!
PC 4.499,- Áður 10.999,-
PS3 & XBOX 7.999,- Áður 12.999,-
Takmarkað MAGN Í BOÐI!
PS3 & XBOX 7.999,- Áður 12.999,-
Takmarkað MAGN Í BOÐI!
PC 5.499,- Áður 10.999,-
ÞÚ FÆRÐ 50% MEIRA
FYRIR SPILAÐA LEIKI ALLA HELGINA!
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA
KRINGLAN OG SMÁRALIND · 588 9400 · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Þessa dagana koma þessi lög mér í helgargírinn. Iggy Azalea með Fancy ft. Charli XCX og lagið Before með íslensku sveitinni Vök.“**

Hildur Ragnarsdóttir, tískubloggari og eigandi verslunarinnar Einveru.

# Rúmlega 30 ára aldursmunur

Grínarinn Karl Ágúst túlkar afreksmanninn Gunnar Nelson í Spaugstofunni.

„Þetta er orðið svo langur ferill hjá Spaugstofunni. Þegar við byrjuðum vorum við alltaf að leika fólk sem var eldra en við. Nú er það búið að snúast við og við þurfum að leika yngra fólk. Það er orðið partur af okkar daglega veruleika að leika niður fyrir okkur í aldri,“ segir Spaugstofumeðlimurinn Karl Ágúst Úlfsson. Hann túlkar bardagakappann Gunnar Nelson í næsta þætti af Spaugstofunni sem sýndur verður á laugardagskvöldið. Talsverður aldursmunur er á leikaranum og Gunnari; Karl er 56 ára en sá síðarnefndi 25 ára. Karl lætur það ekki á sig fá.

„Ég er ungur í anda.“

Leikarinn vill lítið segja um atriðið sjálft.

„Við reynum að vera spegill á þjóðlífið þannig að við fjöllum meira um þjóðina heldur en Gunnar sjálfan eða bardagalistina,“ segir Karl, sem horfði ekki á það þegar Gunnar bar sigur úr býtum á móti Rússanum Omari Akhmedov í London um síðustu helgi.

„Þetta er ekki eitt af mínum áhugamálum. Þau eru nógu mörg samt. En Gunnar er maður sem er að vinna afrek á því sviði sem hann hefur valið sér og það er alltaf ánægjulegt þegar fólk nær góðum árangri.“

Þrír þættir eru eftir af þessari þáttaröð af Spaugstofunni og síðan tekur við frí hjá köppunum, allavega fram á haustið.

„Svo vitum við ekkert um framhaldið frekar en endranær. Við höfum lifað í þrjátíu ára óvissu og vitum aldrei hvað gerist næst. Við tökum því sem að höndum ber.“

- lkg



**GOTT GERVI** Karl bregður sér í hlutverk bardagakappans. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ásgeir Trausti slapp fyrir horn í Texas

Ásgeir Trausti er á tónleikaferðalagi um Bandaríkin. Hann kom fram á hátíð í Austin í Texas þar sem tvær manneskjur létu lífið. „Ég var sleginn yfir þessu.”

„Eftir að við kláruðum tónleikana okkar, var okkur boðið á staðinn þar sem slysið átti sér stað en við afþökkuðum það boð því við vorum svo þreyttir. Hálftíma síðar fréttum við af þessu skelfilega slysi,“ segir tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti, sem er staddur í Bandaríkjunum þar sem hann kemur fram á South By Southwest-hátíðinni í Austin, Texas. Hann kom fram á tónleikastað sem er skammt frá þeim stað þar sem hræðilegt slys átti sér stað og kostaði tvær manneskjur lífið.

„Við rétt sluppum í raun og þarna var greinilega mikið af fólki. Við erum í sjokki yfir þessu,“ bætir Ásgeir Trausti við.

Fyrir skömmu gerði hann samning við bandaríska útgáfurisann Columbia Records.

„Við erum að hitta Columbia-fólkið í fyrsta skiptið núna og þetta lítur allt saman mjög vel út,“ segir Ásgeir Trausti um samninginn. Það var einmitt starfsmaður Columbia Records sem bauð þeim félögum á staðinn þar sem slysið varð.

Tónleikar Ásgeirs Trausta á hátíðinni gengu mjög vel að hans sögn. „Þetta gekk mjög vel, það var mikið af fólki og við vorum að spila á góðum tíma. Þetta gekk vonum framar.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Ásgeiri og félögum voru þeir að gera sig klára til þess að fara á tónleika með kántrígoðsögninni Willie Nelson. „Við erum að fara á tónleika með Willie Nelson á búgarðinum hans. Hann er goðsögn og það verður gaman að sjá hann,“ segir Ásgeir Trausti.

Þeir félagar koma fram á tvennum tónleikum í viðbót á hátíðinni og halda svo til Los Angeles. Þá tekur við tónleikaferðalag um Evrópu. „Við komum svo heim um miðjan apríl. Við ætlum að taka smá afslöppun þegar við komum heim,“ segir Ásgeir en hann var einnig á tónleikaferðalagi um Asíu í febrúarmánuði. „Já, það er mikill munur á milli landa, það voru allt öðruvísi áhorfendur í Asíu til dæmis heldur en í Bandaríkjunum. Það var áhugavert að spila í Asíu, það var grafarþögn þar,“ segir Ásgeir Trausti um sitt mikla ferðalag á þessu ári, og bætir við að þetta hafi verið hans fyrsta tónleikaferð í Asíu.

gunnarleo@frettabladid.is



**Eftir að við kláruðum tónleikana okkar, var okkur boðið á staðinn þar sem slysið átti sér stað en við afþökkuðum það boð.**

*Ásgeir Trausti*

## Finnst Ásgeir Trausti mjög sætur

Tímaritið People Magazine birti mynd af tónleikum Ásgeirs Trausta á hátíðinni í Texas á Instagram-síðu sinni þar sem starfsmenn tímaritsins segja fylgjendum sínum að hann sé „really cute“, eða mjög sætur.

Flestir fylgjendur blaðsins á samskiptasíðunni virðast vera sammála og skiptast á um að hrósa útliti tónlistarmannsins. Yfir 1.500 manns líkar við myndina.

# Lítil ljósmyndasýning á Instagram

Sviðslistahópurinn Spegilbrot safnar sjálfsmyndum frá almenningi.

„Okkur langar að blása til landssöfnunar á íslenskum „selfie“-myndum þannig að við getum búið til litla ljósmyndasýningu á Instagram,“ segir Hallfríður Þóra Tryggvadóttir, meðlimur í sviðslistahópnum Spegilbrot. Hópurinn hefur söfnun á svokölluðum „selfie“-myndum, eða sjálfsmyndum, á Instagram í dag og getur fólk tekið þátt með því að setja sjálfsmyndir af sér inn á síðuna með kassmerkinu #spegilbrot.

„Þessi hugmynd kviknaði í miðri vinnu hjá okkur við gerð upplifunarsýningarinnar Spegilbrot sem við frumsýnum í Tjarnarbíói 16. apríl. Við erum búin að skoða spegla út frá öllum hliðum, bæði venjulega, manngerða spegla sem fólk speglar sig í og líka allt annað sem maður speglar sig í í samfélaginu. Í kjölfarið könnuðum við hvernig fólk hegðar sér á internetinu og tókum eftir því að það hefur færst í aukana að fólk taki myndir af sjálfu sér, bæði með því að hafa myndavélina fyrir framan sig og með því að taka myndir í speglum,“ segir Hallfríður. Hún hvetur fólk til að taka þátt í söfnuninni sem lýkur á miðnætti sunnudaginn 23. mars.

„Þar ætti fólk að geta skoðað þverskurð af þjóðinni út frá því hvernig myndum fólk póstar. Rúsínan í pylsuendanum er að myndirnar sem fólk sendir inn gætu mögulega endað í sýningunni okkar. Það er ekkert sem fólk þarf að hræðast heldur bara smá skemmtilegheit,“ bætir Hallfríður við.

Þrjár myndir fá gjafapakka sem innihalda meðal annars vegleg gjafabréf í fataverslunum, málsverði og miða á sýninguna Spegilbrot. Tíu myndir verða valdar af handahófi til að keppa um verðlaunin með því að safna sem flestum „like“-um og þátttakendur eru hvattir til að fylgjast vel með þegar líða tekur á söfnunina.

„Við vonum að sem flestir taki þátt. Miðað við hvað fólk er öflugt að birta af sér sjálfsmyndir ætti það að vera til í tuskið.“

- lkg



**HÓPURINN** Spegilbrot skipa, ásamt Hallfríði, þau Auður Friðriksdóttir, Guðmundur Felixson, Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir og Þorvaldur Sigurbjörn Helgason. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


MJÚKIR SÓFAR, STÓRIR SÓFAR, HORNSÓFAR, TUNGUSÓFAR ...

**KLINT** – 3JA SÆTA SÓFI



**KLINT** 3ja sætasófi. Svart leður á slitflötum.
Stærð: 193x881 H: 80 cm.
2ja sæta sófi TILBOÐ 169.990
**Tilboðsverð 149.990**

179.990
FULLT VERÐ 209.990

**LONDON** – HORNSÓFI 2H2



**LONDON** hornsófi. Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 225 x 225 H: 85 cm. Einnig fáanlegur í svörtu leðri.

309.990
FULLT VERÐ 359.990

**DC 4200** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 4200** 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum. Stærð: 211 x 82 H: 85 cm.

310.990
FULLT VERÐ 349.900

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 3600** 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður á slitflötum. Stærð: 202 x 82 H: 85 cm.

299.990
FULLT VERÐ 329.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is

# BÍÓBYLTING

FRÁ OG MEÐ DEGINUM Í DAG BJÓÐA HÁSKÓLABÍÓ OG SMÁRABÍÓ UPP Á FJÖLBREYTTARI VALKOSTI FYRIR BÍÓGESTI

## ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ

1

### BESTA VERÐIÐ

Gildir alla virka daga fyrir kl. 19. Komdu í bíó mánudaga til föstudaga fyrir kl. 19 og þú borgar minna, svo einfalt er það. Gildir á allar myndir, undantekningalaust. Sannkölluð bylting!

2

### FJÖLSKYLDUPAKKINN

Sparnaðarbylting fyrir íslenskar fjölskyldur. Ef tvö börn eða fleiri eru í fjögurra manna hópi þá borga allir barnaverð. Allir, alltaf! Og við lofum því að barnaverðið er alltaf það lægsta í verðskránni.

3

### GÆÐASTUND

Sérsýningar á völdum myndum eingöngu fyrir 18 ára og eldri. Fyrir þá sem vilja alls enga truflun og eru til í að borga aukalega fyrir það. Engir símar á lofti, ekkert mas eða fljúgandi poppkorn - og ekkert hlé!



## VERIÐ VELKOMIN Í BÍÓ ALLA DAGA

NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

HÁSKÓLABÍÓ SMÁRABÍÓ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ham með nýtt efni

Goðsagnakennda þungarokkssveitin HAM, sem meðal annars er skipuð þingmanninum Óttari Proppé og oddvita Bjartrar framtíðar í Reykjavík, **Birni Blöndal,** er nú á fullu að æfa nýtt efni fyrir Eistnaflug sem haldið verður í Neskaupstað aðra helgina í júlí. Þetta verður í fjórða sinn sem HAM-verjar spila á þungarokkshátíðinni en í ár heldur Eistnaflug upp á 10 ára afmæli sitt. Fregnir herma að miðasala hafi aldrei farið jafn hratt af stað og er því ljóst að rokkþyrstir Íslendingar eru þegar farnir að skipuleggja sumarfríið. - ssb



### Týndi veskinu

Tónlistarmaðurinn **Valdimar Guðmundsson** varð fyrir því óláni að glata veskinu sínu við útréttingar í Keflavík í gærmorgun. Hann uppgötvaði í bílnum á leiðinni heim til Reykjavíkur að ekkert veski var í fórum hans. „Ég var ekki einu sinni viss um hvort ég hefði tekið það með mér og fannst eins og það gæti allt eins verið heima í Reykjavík,“ segir Valdimar, sem var þó pollrólegur þrátt fyrir veskisleysið.

Hann fékk símtal frá góðhjörtuðum manni sem spurði hvort hann héti ekki Valdimar og væri ekki fæddur árið 1985. „Þetta var ánægjulegt símtal sem ég fékk og kom maðurinn með veskið til mín. Ég átti fimm þúsund krónur í veskinu, sem ég bauð honum í fundarlaun en hann afþakkaði pent,“ segir Valdimar sáttur með að endurheimta veskið og sérlega ánægður með góðhjartaða manninn. - glp



## Mest lesið vísir

1 Partí framhaldsskólanema í Turninum blásið af
2 Ummæli norska ráðherrans ósvífin
3 Ellefu fyrirtæki til fyrirmyndar
4 Gengið til að vekja athygli á legslímuflakki „Það tók um 12 ár að greina mig“
5 „Hann er í grunninn frábær sölumaður“





